



Brúarskóli – heildarmat á skólastarfi

Október 2013
Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur

Ritstjórar: Birna Sigurjónsdóttir

Ritun skýrslu og fylgiskjala:

Birna Sigurjónsdóttir

Helga Jenný Stefánsdóttir

Hildur Björk Svavarsdóttir

Hrund Logadóttir

Ragnheiður Axelsdóttir

Steinunn Ármannsdóttir

Valgerður Erna Þorvaldsdóttir

Efnisyfirlit

Inngangur	4
<i>Mat á skólastarfi</i>	4
<i>Starfsstöðvar</i>	7
Brúarsel	7
Brúarskóli við Dalbraut	7
Stuðlar	8
Svið I Stjórnun og mannaúður	9
<i>Fagleg forysta</i>	9
Stjórnandinn sem leiðtogi	9
Stjórnun stofnunar	9
Faglegt samstarf	11
Viðhorf starfsmanna	13
<i>Stefnumótun og skipulag</i>	16
Starfsáætlun og skólanámskrá	16
Skóladagur nemenda	16
Verklagsreglur og áætlanir	16
<i>Samskipti heimila og skóla</i>	17
Viðhorf foreldra og þátttaka í skólastarfi	17
Viðhorf skólustjóra Reykjavíkurskóla til Brúarskóla	19
Svið II Nám og kennsla	21
<i>Nám og námsaðstæður</i>	21
Inntak og árangur	21
Skipulag náms og námsumhverfi	22
Kennsluhættir og gæði kennslu	22
Námshættir og námsvitund	23
<i>Þátttaka og ábyrgð nemenda</i>	24
Lýðræðisleg vinnubrögð	24
Ábyrgð og þátttaka	25
Viðhorf nemenda	25
<i>Námsaðlögun</i>	27
Nám við hæfi allra nemenda	27
Stuðningur við nám	28
Svið III Innra mat grunnskóla	30
Innra mat er kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi	30
Innra mat er markmiðsbundið	30
Innra mat byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum	30
Innra mat er samstarfsmiðað og byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum	30
Innra mat er opinbert	31
Innra mat er umbótamiðað	31
Greining	32
Samantekt	32
Heimildir	37
Fylgiskjöl	37

Inngangur

Í skýrslu þessari verður greint frá niðurstöðum heildarmats í Brúarskóla sem fram fór í apríl og maí 2013. Matið var framkvæmt af starfsfólki í stýrihópi um heildarmat skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar ásamt Hrund Logadóttur og Ragnheiði Axelsdóttur.

Ákveðið var á skóla- og frístundasviði að Brúarskóli yrði einn af þeim skólum sem færi í heildarmat á skólastarfi skólaárið 2012-2013. Gagna var aflað með viðtölum, vettvangsathugunum, spurningakönnunum og rýnihópum, auk þess sem farið var yfir gögn um skólastarfið.

Leiðarljós við matið var: ***Að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.***

Matið er liður í því að styðja við skólastarf og kemur til viðbótar sjálfsmati skólanna. Viðmiðin sem notuð voru til að leggja mat á skólastarfið í Brúarskóla voru útbúin fyrir þróunarverkefni um ytra mat mennta- og menningarmálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga árið 2012 og eru fyrst og fremst byggð á lögum og reglugerðum um skólastarf og aðalnámskrá grunnskóla. Áherslur og straumar í skólastefnum sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands voru einnig höfð til hliðsjónar auk *Sameiginlegrar framtíðarsýnar fyrir grunnskólastarfið 2007-2020*¹.

Skólastjóri Brúarskóla er Björk Jónsdóttir og aðstoðarskólastjóri skólaárið 2012-2013 er Guðrún Magnúsdóttir í afleysingu fyrir Árna Einarsson. Í skólanum voru 34 nemendur í 5.-10. bekk skólaárið 2012-2013 skv. upplýsingum í fylgiskjali með Starfsáætlun Reykjavíkur 2011-2012, en að jafnaði eru 55-60 í skólanum nemendur þegar á öllum starfsstöðvum er talið.

Nemendur koma víða að á höfuðborgarsvæðinu en flestir eru úr Reykjavík.

Brúarskóli var stofnaður árið 2003 og er skóli fyrir börn sem eiga í alvarlegum geðrænum, hegðunar- eða félagslegum erfiðleikum. Kennslan fer fram í litlum bekkjum þar sem venjulega eru tveir sérkennarar saman með lítinn bekk. Brúarskóli hefur fjórar starfsstöðvar í Reykjavík, Brúarsel, Vesturhlíð, Dalbraut og Stuðla. Skólahald í Brúarseli og Vesturhlíð er með hefðbundnu sniði nema að stundartöflu nemenda er þjappað saman á þann hátt að allur tími nemandans í skólanum er kennslutími. Kennarar eru því með nemendum allan skólatímann. Sjúkrakennsla er á Dalbraut og Stuðlum (Heimasíða).

Skólaárið 2012-2013 eru starfsmenn við skólann í um 40 stöðugildum og eru þá allar starfsstöðvar taldar.

Mat á skólastarfi

Ákvæði um mat og eftirlit með gæðum skólastarfs er í 35. gr. grunnskólalaga nr. 91/2008:

¹ Unnin sameiginlega og samþykkt af skólamálanefndum Félags grunnskólakennara, Skólastjórafélags Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskóla eru að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda
- Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla
- Auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum
- Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum

Ákvæði um innra mat er í 36. gr. laganna:

Hver skóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.

Ákvæði um ytra mat sveitarfélaga er í 37. gr.:

Sveitarfélög sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs, sbr. 5. og 6. gr., og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólalags, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Sveitarfélög skulu leitast við að fylgja eftir innra og ytra mati þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi.

Um ytra mat menntamálaráðuneytis er fjallað í 38. gr.:

Menntamálaráðuneyti annast greiningu og miðlun upplýsinga um skólalag í grunnskólum á grundvelli upplýsinga frá sveitarfélögum skv. 37. gr. og með sjálfstæðri gagnaöflun. Menntamálaráðuneyti gerir áætlun til þriggja ára um kannanir og úttektir sem miða að því að veita upplýsingar um framkvæmd laga þessara og aðalnámskrár grunnskóla og aðra þætti skólastarfs.

Menntaráð Reykjavíkurborgar ákvað vorið 2007 að láta fara fram heildarmat í 6-7 grunnskólum á ári. Skipaður var stýrihópur heildarmats á Menntasviði til að sjá um framkvæmd matsins undir stjórn Birnu Sigurjónsdóttur, verkefnisstjóra. Alls hefur heildarmat farið fram í 41 grunnskóla í Reykjavík á árunum 2007-2013.

Markmið heildarmats

- Aðstoða skóla í ljósi eigin sjálfsmats til að efla skólastarfið og styrkja innviði skólans.
- Styrkja skólabrag og búa til samhljóm í skólanum.
- Gera góðan skóla betri með markvissri hvatningu í starfi.
- Veita skólayfirvöldum upplýsingar um gæði skólastarfs.

Tímarammi

Gert er ráð fyrir að allt matsferlið taki sex til sjö vikur og viðtöl og vettvangsathuganir fari fram á 1-2 vikum innan þess tíma.

- | | |
|---|-------------|
| • Ákvörðun tekin um athugun í skóla | vika 1 |
| • Haft samband við skólann og látið vita af fyrirhugaðri heimsókn | vika 1 |
| • Upplýsingum safnað saman/prófíll skólans/heimasíða skoðuð | vika 1 |
| • Viðtöl við skólastjórnendur, kynning fyrir starfsfólki | vika 2 |
| • Vettvangsathuganir, rýnihópar | vika 3 |
| • Úrvinnsla og skýrslugerð | vika 4-5 |
| • Skólastjóra gefst færi á að lesa yfir skýrslu | vika 5 |
| • Skýrsluskil – formleg | vika 6 |
| • Upplýsingar til Skóla- og frístundaráðs | í lok annar |

Aðferðir við gagnaöflun:

- Viðtöl við stjórnendur og fulltrúa kennara, fundur með fulltrúum foreldra, fundur með stjórn nemendafélags

- Rýnihópar – stjórnendur, kennarar (tveir til þrír hópar), annað starfsfólk, foreldrar, nemendur (tveir til þrír hópar)
- Vettvangsathuganir með gátlista
 - Athugun á skólabrag og kennslu í kennslustundum og hléum
 - Athugun í skóla
 - Athugun í skólastofu
- Farið yfir gögn:
 - Skólanámskrá og starfsáætlun skólaársins þ.m.t.:
 - Skipurit og starfslýsingar
 - Mannréttindaáætlun
 - Áætlun um foreldrasamstarf
 - Áætlun um starf nemendafélags
 - Sjálfsmatsskýrslu og umbótaáætlun
 - Heimasíðu skólans
 - Stundaskrár bekkja/árganga 2012-2013 (eins og þær eru afhentar nemendum)
 - Yfirlit yfir valgreinar (kenndar á skólaárinu)
 - Kennsluáætlanir 2012-2013 (sýnishorn af yngra, mið- og elsta stigi)
 - Sýnishorn af námsmatsblöðum fyrir öll stig
 - Símenntunaráætlun skólans
 - Upplýsingar um öryggisþætti og áhættumat
 - Yfirlit yfir stöðu skólans í könnunum, skimunum og samræmdum prófum
 - Önnur þau gögn sem skólinn vill leggja fram og varpa ljósi á gæði skólastarfsins

Skýrsla – endurgjöf – eftirfylgd

- Gerð er ítarleg skýrsla um hvern skóla sem skapar umræður innan skólans, er jákvæð og bendir á styrkleika skólans og veikleika.
- Skýrslan afhent skólastjórnendum á fundi með sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs. Stjórnendur fá tækifæri til að koma með athugasemdir sem tekið er tillit til við lokagerð.
- Fundað með skólastjórnendum og niðurstöður kynntar á fundi starfsmanna. Fulltrúum foreldra og fulltrúum frá þjónustumiðstöð er boðið að sækja þann fund.
- Skólinn gerir umbótaáætlun sem byggir á niðurstöðum matsins og skilar til sviðsstjóra.

Frekari eftirfylgni:

- Komið á samstarfi skóla/netverki um ákveðna þætti sem þarf að vinna með.
- Skólinn getur fengið ráðgjöf frá skóla- og frístundasviði eða þjónustumiðstöðvum.

Skýrslan er vinnuskjal skólans en skólar eru hvattir til að birta hana á heimasíðu.

Starfsstöðvar

Hér fer á eftir stutt lýsing á starfseminni sem fram fer á hverri starfsstöð utan Vesturhlíðar. Að öðru leyti á texti skýrslunnar við um þær allar nema annað komi fram.

Brúarsel

Í Brúarseli, Kleifarseli 18 eru að jafnaði 5-6 nemendur í 5.-7. bekk sem hafa slaka félagsfærni og ráða illa við almennt skólaumhverfi án mikils stuðnings. Þeir dvelja þar í 1-2 annir að jafnaði.

Brúarsel er staðsett við hlið Seljaskóla og þar eru aðallega nemendur úr grunnskólum í Breiðholti. Á milli Brúarsels og aðalbyggingar skólans eru færanlegar kennslustofur þar sem kennd er smíði. Sérinngangur er inn í Brúarsel og komið inn í forstofu. Inn af forstofunni er eitt miðrymi og tvær innri stofur, önnur þeirra er skrifstofa starfsmanna. Innangengt er inn í aðra hluta húsnæðisins þar sem starfrækt er frístundastarf og tónlistarskóli seinni part dags.

Í Brúarseli fá nemendur sérhæft tilboð í heimahverfi sínu. Áhersla er lögð á félagslega styrkingu og aukna samskiptafærni í nánd við jafnaldra. Stefnt er að því að tengsl við heimaskóla rofni sem minnst. Nemendur í Brúarseli sækja list- og verkgreinar og matartíma í Seljaskóla (Bæklingur um Brúarsel).

Brúarskóli við Dalbraut

Grunnskólanemendur (1.-10. bekkur) sem eru lagðir inn á Barna- og unglingsgeðdeild fá þar sjúkrakennslu meðan innlögn varir. Nemendur eru á bilinu 12-14 og þeir dvelja að jafnaði í 6 vikur.

Nemendur eru í samkenndu í árgangablönduðum hópum, stundatöflur eru sveigjanlegar og skóladagur oftast skertur miðað við námsgetu nemenda. Farið er eftir námsáætlun frá heimaskóla eins og unnt er, en kennslan er einstaklingsmiðuð og aðlöguð að getu nemenda. Markmiðið er að styðja nemendur í námi þannig að þeir geti tekist á við það þegar þeir snúa aftur í heimaskóla; að auka sjálfstraust og efla félagslega færni nemenda og þjálfa þá í fjölbreyttum vinnubrögðum í jákvæðu umhverfi (Brúarskóli við Dalbraut. Skólastarfið, hlutverk, áherslur).

Skólinn er í þremur húsum á lóð Barna- og unglingsgeðdeildar. Skóladagurinn er frá 8:30 til 12:00. Í skólanum starfa deildarstjóri og fimm kennarar og hafa allir starfsmennirnir starfað lengi við skólann. Skólafundurarnar eru litlar og búnar hefðbundnum skólahúsgögnum. Rúmrgott bókasafn er í einu húsa sem nýtt er einnig sem ART (aggression replacement training) stofa. ART þjálfun er í boði fyrir þá nemendur sem það velja en flest þeirra gera það. Í öðru húsi eru kenndar list- og verkgreinar, m.a. textílmennt og smíði.

Deildarstjóri fundar einu sinni í viku með kennurum deildarinnar auk þess sem starfsmenn sækja starfsmannafundi í Brúarskóla við Vesturhlíð. Þegar nemendur snúa til baka í heimaskóla er deildin með eftirfylgd allt upp í tvær vikur í skólann auk þess sem skýrslu er skilað til heimaskóla og foreldra

Stuðlar

Brúarskóli sér um sjúkrakennslu á Stuðlum fyrir nemendur á unglíngastigi grunnskóla (7.-10. bekkur). Að jafnaði eru þar 8 nemendur. Innlögn á Stuðla varir í 6-8 vikur. Ákveðinn tíma dagsins eru nemendur í kennslu kl. 9:30-10:30 og aftur kl. 11:00-12:00. Eftir hádegi er ART þjálfun en hún er hluti af meðferðinni.

Flestir sem eru í innlögn á Stuðlum þekkjast, þeir hafa átt erfitt uppdráttar í námi og hafa flestir verið í einhvers konar sérúrræðum í skólum, s.s. námsverum.

Nemendur eru flestir 6 saman í kennslustund í einu. Kennari er sjaldan einn með nemendum nema þegar fáir eru í kennslustundinni.

Nemendum á grunnskólaaldri á Stuðlum er skylt að mæta í kennslu en þeir sem eru á framhaldsskólaaldri hafa um það val. Ákveðnar reglur gilda í stofunni og er til dæmis allt fíkniefnatal bannað í skólastofunni. Skólareglur eru sýnilegar á vegg í stofunni en ekki eru til mótaðar afleiðingar eða verkferlar varðandi brot á reglum.

Svið I Stjórnun og mannauður

Fagleg forysta

Stjórnandinn sem leiðtogi

Skólastjóri lítur á sig sem faglegan leiðtoga starfsmanna og stuðningsaðila í starfi þeirra. Helstu áherslur hennar eru að setja nemandann í öndvegi og halda starfsmannahópnum þannig að öllum líði vel. Hún segist vera meðvituð um að hrósa og veita starfsfólki endurgjöf. Bæði skólastjóri og aðstoðarskólastjóri fara mikið inn í skólastofur og þekkja nemendur vel, ekki er þó um að ræða markvissa endurgjöf á nám og kennslu í kjölfar slíkra heimsóknna.

Einkunnarorð skólans eru: Virðing – Jákvæðni – Ábyrgð og eru þau sýnileg víða í skólanum. Starfsfólk hefur sett sér leiðarljós í samskiptum og er yfirskriftin: Gagnkvæm virðing, leiðarljósín eru birt á heimasíðu og þar kemur fram hvernig þau birtast í starfinu.

Hlutverk skólans, markmið og leiðir eru skýrt fram sett í gögnum skólans og að mati rýnihópa er stefna og sýn stjórnenda mjög skýr. Að mati foreldra í rýnihópi „tala allir einni röddu“ og þannig er skýrt að hverju er stefnt og til hvers er ætlast af nemendum og foreldrum. Æskilegt er þó að setja stefnu skólans í námi og kennslu skýrar fram í skólanámskrá og á heimasíðu.

Stjórnun stofnunar

Skólastjóri er stjórnandi allra starfsstöðva skólans og heyrir allt starfsfólk undir hans stjórn samkvæmt skipuriti. Stjórnendur auk hans eru aðstoðarskólastjóri, deildarstjóri ráðgjafarsviðs, deildarstjóri sjúkrakennslu á Dalbraut og deildarstjóri Brúarsels í stjórnunarteymi Brúarskóla. Skipurit skólans, sem birt er í starfsáætlun 2012-2013, er ekki lýsandi fyrir stjórnun skólans enda sýnir það ekki hlutverk stjórnendateymisins. Starfslýsingar eru til fyrir alla starfsmenn en þær eru ekki aðgengilegar í starfsáætlun eða heimasíðu skólans.

Skólastjórnendur skipta með sér verkum og vinna náið saman. Í viðtölum kom fram að meginhlutverk skólastjóra er að vera faglegur leiðtogi innan skólans og utan en hlutverk aðstoðarskólastjóra snýr meira að starfsfólki, skipulagningu vegna afleysinga í veikindum og fundarsetu (inntökufundir, ráðgjafafundir, fundir með foreldrum, upplýsingafundir o.fl.). Að sögn skólastjóra hafa millistjórnendur, þ.e. deildarstjórnarnir, forráð yfir daglegu skipulagi á sinni starfsstöð. Deildarstjóri ráðgjafarsviðs er í 100% stjórnunarhlutfalli en hinir tveir deildarstjórnarnir eru að hluta einnig í kennslu.

Stjórnendateymið hittist einu sinni í mánuði en á þeim fundum er starf skólans skipulagt. Auk mánaðarlegra funda eru stjórnendur í daglegu símasambandi enda dreifðir á fjóra starfsstaði. Kennarar í rýnihópi sögðu að í skólanum væri samvinnustjórnun, „það er talað um hlutina, um hvernig þetta á að vera“. Þátttakendur í rýnihópi starfsfólks sögðu að aðgengi að stjórnendum væri mjög gott, „Þær taka svo mikinn þátt í starfinu. Ef eitthvað kemur upp eru þær bara líka á vettvangi. Þær eru mjög sýnilegar“. Stuðningsfulltrúar í rýnihópi voru á annarri skoðun, „Þær eru alveg mikið á rölti, en þær mættu koma miklu, miklu meira í unglingsdeild, úti í húsi, þær koma bara aldrei nokkurn tímann þangað.“ Stuðningsfulltrúar sögðust ekki leita til stjórnenda ef eitthvað kemur upp á, heldur frekar til kennara eða sálfræðings á ráðgjafarsviðinu.

Í rýnihópi millistjórnenda kom fram að á vikulegum föstudagsfundum, þar sem starfsmenn af öllum starfsstöðvum koma saman, sé fólki hrósað fyrir það sem vel hefur verið gert og farið yfir atburði vikunnar. Stuðningsfulltrúar í rýnihópi sögðust ekki fá hrós frá stjórnendum. Fyrirverandi aðstoðarskólastjóri hefði verið duglegur að hrósa og veita endurgjöf á þeirra störf og þeir sögðust sakna þess. Á föstudagsfundnum væri alltaf sama fólkið að hrósa sömu aðilunum, oft fyrir léttvæg atriði.

Umræður í rýnihópunum endurspeglar ágætlega niðurstöður viðhorfskönnunar starfsmanna Reykjavíkurborgar sem gerð var vorið 2013.² Um 86% svarenda í Brúarskóla voru sammála fullyrðingunni *Á síðustu mánuðum hefur mér verið hrósað fyrir vel unnin störf* en 8% svarenda voru ósammála. 89% svarenda sögðu að yfirmaður hefði rætt við þá um frammistöðu í starfi á síðustu 6 mánuðum en 8% svarenda sagðist ekki hafa átt slíkt samtal við yfirmann. Fullyrðingin *Ég fæ hvatningu frá yfirmanni mínum kom verr út í könnuninni 2013 en í könnuninni 2011 og lækkaði úr 9,1 í 8,1.*

Starfsþróunarsamtöl eru árlega fyrir alla starfsmenn. Þátttakendur í rýnihópi starfsfólks sögðust vera ánægðir með samtölin, „Mér finnst gott að hafa þetta samtal og finnst það styrkja mig í starfinu. Gott að geta rabbað við stjórnanda“. Í viðhorfskönnuninni 2013 sögðust 87% svarenda hafa farið í starfsþróunarsamtal á síðustu 12 til 15 mánuðum og 70% þeirra fannst samtalið hafa verið gagnlegt.

Við ráðningar er þess gætt að kennarar uppfylli lögbundnar kröfur um menntun og hafi til að bera þá þekkingu eða reynslu sem krafist er í starfinu og menntun og sérhæfing hvers og eins er skráð. Allir kennarar skólans eru með leyfisbréf sem grunnskólakennarar. Allir starfsmenn undirrita yfirlýsingu um trúnað í starfi við ráðningu og aflað hefur verið upplýsinga um starfsmenn hjá sakaskrá, nema þá sem hófu störf fyrir meira en tíu árum.

Á heimasíðu skólans er hægt að nálgast starfsmannavísi, sem er handbók með hagnýtum upplýsingum um skólann fyrir nýtt starfsfólk og verið er að endurskoða áætlun um móttöku nýrra starfsmanna. Í viðhorfskönnuninni 2013 voru 86% svarenda í Brúarskóla sammála fullyrðingunni *Nýir starfsmenn fá nauðsynlega fræðslu og þjálfun í upphafi starfstíma* en 5% voru því ósammála. Hærra hlutfall svarenda, eða 92%, voru sammála fullyrðingunni *Á mínum vinnustað er vel tekið á móti nýju starfsfólki* og enginn var ósammála. Kynjaskipting í starfsmannahópnum er nokkuð jöfn og í rýnihópi stuðningsfulltrúa kom fram ánægja með það, „betra að hafa þessa blöndun“. Ekki hefur verið gerð sérstök jafnréttisáætlun um jafna stöðu kynjanna á vinnustaðnum. Um 93% svarenda í viðhorfskönnun 2013 telja að jafnrétti kynjanna sé virt í Brúarskóla og 86% telja að jafnræðis og jafnréttis gagnvart starfsmönnum sé gætt.

Verklagsreglur um viðbrögð við einelti meðal starfsmanna eru til og eru aðgengilegar á heimasíðu skólans. Í viðhorfskönnun 2013 sögðust 3% þátttakenda hafa orðið fyrir einelti frá

² Viðhorfskönnun meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar var lögð fyrir dagana 18. apríl til 22. maí 2013. Svarhlutfall í Brúarskóla var 95%. Fyrir hverja spurningu eða fullyrðingu er reiknuð einkunn á bilinu 0-10. Því hærri sem einkunnin er, því jákvæðari er niðurstaðan.

samstarfsfólki á síðustu 12 mánuðum og 11% svarenda sögðust hafa orðið varir við einelti meðal starfsmanna á vinnustaðnum.

Í skólanum er unnið með mikið magn trúnaðarupplýsinga sem snerta nemendur en ekki eru til skriflegar reglur um skjalamál og upplýsingagjöf um nemendur í skólanum.

Faglegt samstarf

Í skólanámskrá Brúarskóla fyrir skólaárið 2011-2012, sem birt er á heimasíðu skólans, kemur fram að megináhersla sé lögð á að veita nemendum í skólanum kennslu út frá áhuga og getu hvers og eins, styrkja og bæta hegðun og félags- og samskiptahæfni. Markvisst er stuðlað að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti allra í skólanum. Í viðtali við nemanda kom fram mikil ánægja með samskipti við kennarana, „Mjög ánægður með þá, þeir hlusta á mann, þeir bera virðingu fyrir mínum skoðunum og hvernig mér líður, þau skilja mann, sérstaklega ef maður hefur vandamál, þá vita þau hvernig þetta er. Þau eru búin að læra að hugsa um þetta og vita hvernig á að bregðast við...Mjög ánægður líka með stuðningsfulltrúana“. Foreldrar í rýnihópi voru einnig ánægðir með samskiptin við skólann og faglegt starf þar, „Hér tala allir einni röddu sem vinna hér og það er það sem börnin okkar þurfa. Nýtt fólk gengur beint inn í það og alveg sama hvort það er fagmenntaður aðili eða ekki“.

Í viðtölum og rýnihópum kennara og starfsfólks kom fram að mikil samheldni væri innan starfsmannahópsins, „mjög góð samskipti milli allra hópa“, „Ég treysti stuðningsfulltrúunum jafn vel til að grípa inn í flesta hluti hérna eins og ég er að gera sjálfur. Við erum bara svo samrýmd“. Í viðhorfskönnun meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar 2013 voru 94% þátttakenda í Brúarskóla sammála fullyrðingunni *Ég get leitað til einhvers á mínum vinnustað í tengslum við starf mitt*, 3% völdu svarmöguleikann *Hvorki né* og 3% voru ósammála fullyrðingunni. Þátttakendur í rýnihópi stuðningsfulltrúa sögðust vera í miklu samstarfi við kennara vegna nemenda, „við eltum erfiða hegðun“. Kennarar í rýnihópi sögðu að stuðningsfulltrúarnir tækju mjög virkan þátt í starfinu, „þeir eru ekki bara til staðar til að grípa inn í, þeir taka mjög virkan þátt ..við erum líka bara mjög heppin með stuðningsfulltrúa“.

Í rýnihópum kennara og starfsfólks kom fram að allur starfsmannahópurinn tekur þátt í að semja skólareglur og þær væru stöðugt í endurskoðun. Í viðtali við skólastjóra kom fram að starfsmannahópurinn væri mjög áhugasamur, „hér kemur fólk með hugmyndir og skipuleggur...það eru allir tilbúnir“. Skólastjóri leggur mikla áherslu á að starfsfólkið viðhaldi þekkingu sinni með öflugri fræðslu og hvatningu í starfi. Í viðhorfskönnuninni 2013 voru 97% svarenda í Brúarskóla sammála fullyrðingunni *Starfsfólk á mínum vinnustað miðlar þekkingu sín á milli* og enginn var ósammála. Kennarar í rýnihópi sögðust leita eftir faglegum stuðningi hver til annars og til ráðgjafarsviðs skólans. Stuðningsfulltrúar í rýnihópi sögðu að samskiptin við ráðgjafarsviðið væru góð og þeir gætu leitað til þeirra ef þeir þyrftu aðstoð. Fram kom í viðtölum að traust ríkti innan starfsmannahópsins, „ef það er einhver að pirrast yfir einhverju, ósamræmi í reglum eða eitthvað, þá bara ræðum við það og leysum“.

Sameiginlegir starfsmannafundir eru haldnir annan hvern miðvikudag en þar mæta starfsmenn frá öllum starfsstöðvum. Fundirnir eru auglýstir á auglýsingatöflu og fundarboð sett inn í dagbók í outlook-póstkerfinu. Annarhvor miðvikudagsfundur er fræðslufundur, bæði með utanaðkomandi fræðslu og umræðum innan húss, m.a. um þróunarverkefni sem verið er að

vinna að og um nýju aðalnámskrána. Fundargerðir eru ritaðar í fundargerðarbók sem liggur frammi á kaffistofu í Vesturhlíð. Einnig fer fram faglegt samstarf innan hvers aldurstigs. Miðstigið í Vesturhlíð hittist vikulega og miðstigið í Brúarseli og Vesturhlíð er með sameiginlega fundi a.m.k. einu sinni í mánuði. Starfsmenn á starfsstöðinni við Dalbraut funda á hverjum föstudegi með deildinni á BUGL og taka saman yfirlit yfir hvernig vikan hefur verið námslega og félagslega. Starfsstöðin á Dalbraut er því í nánú samstarfi bæði við deildina á BUGL og starfsstöðina í Vesturhlíð. Ráðgjafarsviðið fundar formlega með hverju aldurstigi á hverri starfsstöð fyrir sig einu sinni í mánuði. Á fundunum er bæði verið að fjalla um fagleg málefni og málefni einstakra nemenda. Á starfsstöðinni í Vesturhlíð eru haldnir stuttir fundir á föstudögum í lok hverrar vinnuviku, svokallaðir útblástursfundir, þar sem öllum gefst tækifæri til að tjá sig um atburði vikunnar, ræða erfið mál og fá ráð og líka fara yfir það sem vel gekk. Í Brúarseli eru haldnir sambærilegir örfundir á hverjum degi, þar sem farið er yfir daginn. Samráðsfundir þeirra aðila sem koma að ákveðnum nemendum, þ.e. list- og verkgreinakennara, umsjónakennara og stuðningsfulltrúa, eru vikulega. Auk þessa eru óformlegir fundir nær daglega, þar sem kennarar og stuðningsfulltrúar fara yfir málin og ákveða næstu skref.

Þátttakendur í rýnihópum kennara og starfsfólks voru sammála um að upplýsingastreymi innan skólans sé mjög gott, „Ég held við séum mjög vel upplýst um allt sem er í gangi hérna“. Fram kom að stjórnendur nota tölvupóstinn mikið til að koma upplýsingum á framfæri og fundir og viðburðir eru skráðir inn á dagatal póstkerfisins. Millistjórnendur í rýnihópi tóku í sama streng, „Tölvupóstur er mikið notaður og við höfum ekki séð að það væru neindir hnökror. Mér finnst ég alveg vera upplýst um það sem ég þarf að vita...“. Mikil áhersla er lögð á að allir starfsmenn skoði dagbók og tölvupóstinn daglega, að því er fram kom í viðtali við skólastjóra og svo er upplýsingum líka miðlað á föstudagsfundunum. Í rýnihópi stuðningsfulltrúa voru skiptar skoðanir um gæði upplýsingastreymisins. Hluti þátttakenda sagði að upplýsingastreymið væri alveg nógu gott, en öðrum fannst því vera ábótavant, „oft fréttir maður ekki af einhverju fyrr en maður er búinn að klúðra þeim aðstæðum, maður er búinn að hleypa einhverjum nemenda inn í bekk því maður vissi ekki að hann átti að vera í innisetu, til dæmis... það gerist alltof oft“. „Virðist vera rosaleg fjarlægð á milli skólastjóra og unglingsdeildarinnar úti, þetta virðist ekki vera í 37 metra fjarlægð, heldur 37 kílómetra fjarlægð“.

Í viðhorfskönnun 2013 fékk fullyrðingin *Upplýsingastreymi á mínum vinnustað er gott* gildið 7,5 og lækkar um 0,9 frá síðustu könnun 2011. Um 87% svarenda voru sammála fullyrðingunni en 13% ósammála. Fullyrðingin *Ég fæ nauðsynlegar upplýsingar sem snerta starfi mitt og/eða vinnustað* fékk gildið 8,7 en var 9,0 í síðustu könnun en 92% svarenda voru sammála. Til samanburðar er fyrri fullyrðingin með gildið 6,3 að meðaltali í grunnskólum borgarinnar og sú seinni með gildið 6,8. Í rýnihópi foreldra var mikil ánægja með upplýsingagjöf frá skólanum, „Fáum mjög mikið af upplýsingum frá kennara og stjórnendum, og jákvæðar upplýsingar sem við erum ekki vön að fá. Ef það eru neikvæðar upplýsingar þá fylgir þeim alltaf einhver lausn“.

Í viðtali við skólastjóra kom fram að kennarar væru í vikulegum samskiptum við foreldra og ef málin eru mjög þung koma skólastjóri og ráðgjafar líka inn í málin. Foreldrar hafa gott

aðgengi að stjórnendum og skólanum að mati skólastjóra, „ Það eru opin hús reglulega og við kynnum starfið. Foreldrar eru mjög duglegir að mæta í allt svoleiðis, jólaföndur og allt sem er boðið“. Kennarar í rýnihópi sögðu að samskipti við foreldra væru mikil, það væri fundað með foreldrum áður en barnið byrjar, stór stöðumatsfundur er einu sinni á önn, foreldraviðtöl, auk vikulegra símtala og tölvupóstssamskipta umsjónarkennara við foreldra um hvernig vikan hefur gengið, „Samskiptin eru almennt jákvæð og flestallir foreldrar eru mjög ánægðir með að vera komnir hingað með barnið og geta rætt við fagfólk ... Það koma alveg tilfelli þar sem foreldrar eru ekki sáttir við að börnin komi hingað en það breytist mjög fljótlega“.

Í skólanámskrá kemur fram að skólinn eigi í samstarfi við Barnavernd, Barnaverndarstofu, BUGL, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, lögregluna, þjónustumiðstöðvar og grunnskóla Reykjavíkur. Ekki verður séð af fyrirliggjandi gögnum að skólinn sé í samstarfi við framhaldsskóla, þó einhverjir nemendur útskrifist úr 10. bekk frá Brúarskóla, og engar áætlanir eru um tilfærslu nemenda þaðan yfir í framhaldsskóla.

Viðhorf starfsmanna

Í viðtölum og rýnihópum kennara, skólastjóra, millistjórnenda og starfsfólks kom fram að starfsmannahópurinn væri mjög samheldinn og starfsandinn góður. Þátttakendur í rýnihópi stuðningsfulltrúa töldu hins vegar að stemmingin í starfsmannahópnum hefði dalað eftir því sem leið á veturinn og það birtist m.a. í þreytu og baktali á milli lítilla hópa innan skólans. Þetta er í nokkru samræmi við niðurstöður viðhorfskönnunarinnar frá 2013 þar sem fullyrðingin *Það er góður starfsandi á mínum vinnustað* fékk gildið 8,8 en var 9,2 í viðhorfskönnuninni 2011. Um 95% svarenda voru sammála fullyrðingunni í könnuninni 2013 en 5% ósammála. Fullyrðingin *Á heildina litið er ég ánægð/ur í starfi* kemur hins vegar mjög vel út hjá Brúarskóla í könnuninni 2013 og er með gildið 9,2 sem er örlítil hækkun frá síðustu könnun en 100% svarenda voru þá sammála fullyrðingunni. Allir þátttakendur í könnuninni voru líka sammála fullyrðingunni *Mér líður vel í vinnunni*. Brúarskóli er þar með gildið 9,1 en meðaltalið í grunnskólum borgarinnar er 7,9.

Fram kom í rýnihópum kennara og stuðningsfulltrúa að félagslífið í starfsmannahópnum er gott og starfsfólk af öllum starfsstöðvum tekur þátt í því. Starfsmannafélagið stendur fyrir föstum uppákomum, s.s. þorrablótum, árshátíðum, haust- og vorferðum, „við höfum verið svolítið dugleg að hittast“... „það er virkt líf utan vinnu“... „Svo eru líka óformlegir hittingar, menn mynda vinatengsl sín á milli...hér er bæði saumaklúbbur og nördaklúbbur“.

Í viðhorfskönnuninni 2013 koma þær spurningar sem snúast um stjórnun nokkuð lakar út en í könnuninni 2011, þó Brúarskóli sé enn hátt yfir meðaltali annarra grunnskóla í borginni hvað þennan þátt snertir. Fullyrðingin *Ég ber traust til yfirmanns míns* er með gildið 8,7 en var 9,6 í könnuninni 2011. Um 92% svarenda í könnuninni 2013 voru sammála fullyrðingunni, 5% völdu svarmöguleikann *Hvorki né* og 3% voru ósammála. Fullyrðingin *Mínum vinnustað er vel stjórnað* fékk gildið 8,6, en 95% svarenda voru sammála henni og 5% völdu svarmöguleikann *Hvorki né*, en var með 9,2 í könnuninni 2011.

Í rýnihópum kennara og starfsfólks kom fram að stjórnendur væru mjög sýnilegir á starfsstöðinni í Vesturhlíð, „Þær taka mikinn þátt í starfinu. Ef eitthvað kemur upp eru þær

bara líka á vettvangi. Þær eru mjög sýnilegar“. Í rýnihópi millistjórnenda kom fram að æskilegt væri að aðstoðarskólastjóri kæmi oftar á útstöðvarnar (Dalbraut, Brúarsel, Stuðla) til að fylgjast með starfinu þar. Þátttakendur í rýnihópi stuðningsfulltrúa sögðu að stjórnendur mættu koma mun oftar út í hús til unglिंगadeildarinnar, „unglingadeildin gleymist rosalega mikið“.

Í viðtali við skólastjóra kom fram að síðustu 3-5 ár hefði verið stöðugleiki í starfsmannahópnum og kennarar í rýnihópum tóku í sama streng, margir kennarar hefðu unnið lengi í skólanum og mikil reynsla, þekking og færni væri til staðar í hópnum. Í viðhorfskönnuninni 2013 sögðust 70% svarenda sjá sig áfram í starfi á vinnustaðnum eftir 2 ár en 19% sögðust ekki sjá sig í starfinu eftir 2 ár. Í viðtölum og rýnihópum kom fram að starfsmönnum finnst þeir vera öruggir í starfinu, þó ýmislegt geti komið upp, „Nemendur missa stjórn á hegðun herna svo við vinnum alltaf með allt opið, lokum ekki að okkur. Hlustum eftir óeðlilegum hljóðum eða hrópum eftir hjálp, þá stökkva allir til þannig að starfsfólkið veit að hjálp er aldrei langt undan“. Allir starfsmenn skólans eru með farsíma á sér sem öryggistæki og þekkja hvernig bregðast á við óæskilegri hegðun nemenda.

Í viðhorfskönnuninni 2013 komu spurningar um vinnuaðstöðu mun verr út en aðrar spurningar í könnuninni. Fullyrðingin *Vinnuaðstaða mín er góð* fékk gildið 6,3 en 58% svarenda var sammála því, 21% ósammála og 21% völdu svarmöguleikann *Hvorki né*. 26% svarenda sögðust ekki hafa aðgang að þeim gögnum og tækjum sem til þarf en 63% sögðust hafa þau gögn og tæki sem þyrfti. Í viðtölum og rýnihópum kom einnig fram gagnrýni á aðbúnað skólans, „Það er ennþá kítartafla... tölvukosturinn er ekki neitt sérlega spennandi“. Vinnuaðstaða kennara í Brúarseli er ekki góð og húsnæðið er sameiginlegt með frístund eftir skólatíma. Lausar útistofur fyrir unglिंगadeildina í Vesturhlíð þykja þröngar og rými fyrir kennara lítið, að því er fram kom í rýnihópi kennara. Á veturna getur orðið mjög kalt í aðalbyggingunni þar sem gluggar eru óþéttir. Enginn aðstaða er til íþróttaiðkunar við skólann og því þurfa nemendur að fara annað til að stunda íþróttir. Í rýnihópum kennara og starfsfólks kom fram að húsgögnin í skólanum væru „dálítill samtíningur“, erfitt væri að stilla húsgögn fyrir nemendur í rétta hæð, „Bara að hafa borð í réttum hæðum. Það pirrar mig að vera alltaf að fá einhverja afganga“. Kennarar í rýnihópi voru annars sammála um að vinnuaðstaða nemenda væri góð, bæði í Brúarseli og í Vesturhlíð, þó vinnuaðstaða kennara gæti verið betri. Þátttakendur í rýnihópi starfsfólks töluðu um að starfsstöðin við Vesturhlíð væri „í frábæru umhverfi“ og Öskjuhlíðin væri mikið notuð, sérstaklega væru yngri nemendurnir duglegir að fara út.

Skólaþróun

Umbótaáætlun Brúarskóla fyrir 2012-2014 er birt á heimasíðu skólans. Þar eru tilteknaðar aðgerðir á sviði skólastarfs, verklags, mannauðs og fjármála, ábyrgðaraðilar, tímasetning og mælikvarðar á árangur en ekki er ljóst á hverju umbótaáætlunin er byggð, þ.e. hvort niðurstöður innra mats eða kannanir liggi til grundvallar fyrirhuguðum umbótum. Kennarar í rýnihópi könnuðust ekki við að hafa tekið þátt í formlegu innra mati en þekktu vel til umbótaáætlunarinnar og höfðu tekið þátt í gerð hennar.

Í skólanámskrá Brúarskóla 2011-2012 er stuttlega fjallað um áherslur skólans í símenntunarmálum. Þar kemur fram að gerð sé símenntunaráætlun fyrir skólann í heild og hvern og einn starfsmann á hverju skólaári en engar slíkar áætlanir liggja fyrir við heildarmatið. Í starfsáætlun skólans 2012-2013 er ekkert fjallað um símenntun eða þróunarverkefni en í starfsáætlun fyrir skólaárið 2013-2014 eru talin upp fjögur þróunarverkefni sem verið er að vinna að í skólanum. Verið er að vinna að þróunarverkefni um uppbyggingu og skipulagi á útikennslu og verkefni um heilsueflandi skóla. Starfsstöðin á Dalbraut hefur unnið að samstarfsverkefni í gegnum E-twinning og skólinn tekur þátt í Comeniusar verkefni á vegum Evrópusambandsins, SMILE, þar sem lögð er áhersla á hvatningu, hrós, skipulag, reglur, afleiðingar, kennslu í félagsfærni o.fl. Í rýnihópum kom fram að allur starfsmannahópurinn tekur þátt í SMILE þróunarverkefninu og er mikil ánægja með það, „Það var ótrúlega gaman“. Skólastjóri sagði í viðtali að starfsmenn hefðu mikinn áhuga á skólaþróun og allir væru tilbúnir til að taka þátt í þróunarverkefnum, „Þau spyrja okkur stundum „Er ekki að koma að SMILE fundi?““.

Í rýnihópi stuðningsfulltrúa og hjá kennurum kom fram ósk um fleiri valkosti hvað varðar símenntun og betra aðgengi að símenntun.

Fagleg forysta

Það sem vel er gert:

- Starfslýsingar eru til fyrir alla starfsmenn skólans.
- Stjórnun skólans einkennist af samvinnustjórnun og stjórnendateymið fundar reglulega.
- Starfsþróunarsamtöl eru reglulega fyrir alla starfsmenn.
- Allir starfsmenn undirrita yfirlýsingu um trúnað í starfi.
- Kynjaskipting í starfsmannahópnum er nokkuð jöfn.
- Mikil samheldni og góð samskipti eru innan starfsmannahópsins, þvert á starfsstöðvar.
- Samvinna kennara og stuðningsfulltrúa er náin.
- Vikulegir „útblastursfundir“ fyrir alla starfsmenn í Vesturhlíð á föstudögum.
- Allir starfsmenn koma að því að semja og endurskoða skólareglur.
- Mikill faglegur metnaður og áhugi á þróunarstarfi í starfsmannahópnum.
- Tölvupóstur og dagbækur notuð á markvissan hátt til að miðla upplýsingum.
- Starfsmannafélagið er virkt og þátttaka í félagslífi utan vinnu ágæt.
- Starfsmenn upplifa sig örugga í starfi og kunna viðeigandi viðbrögð við erfiðri hegðun nemenda.

Tækifæri til umbóta:

- Endurskoða þarf skipurit skólans svo það endurspegli fyrirkomulag stjórnunar í skólanum.
- Æskilegt er að stjórnendur fari oftar að fylgjast með starfinu á útstöðvum og í unglingsdeild í útistofum.
- Mikilvægt er að stjórnendur veiti öllum starfsmönnum markvissa endurgjöf á störf sín.
- Skyld er að afla upplýsinga úr sakaskrá um alla starfsmenn skólans.
- Móta þarf formlega jafnréttisáætlun um jafna stöðu kynjanna í starfsmannahópnum.

- Móta þarf formlegar reglur um skjalamál og upplýsingagjöf um nemendur í skólanum.
- Koma þarf á formlegu samstarfi við framhaldsskóla.
- Leita þarf leiða til að bæta tækjabúnað og vinnuaðstöðu starfsmanna í Brúarseli.
- Huga þarf að endurbótum á húsnæði og búnaði í Vesturhlíð.
- Gera þarf grein fyrir á hverju umbótaáætlun skólans byggir og skerpa á tímamörkum og mælikvörðum um árangur.
- Leita þarf leiða til að bæta aðgengi að símenntun og fjölga valkostum starfsmanna til að sækja sér aukna menntun.

Stefnumótun og skipulag

Starfsáætlun og skólanámskrá

Starfsáætlun Brúarskóla er aðgengileg á heimasíðu skólans. Þegar starfsáætlunin var yfirfarin hjá Skóla- og frístundasviði Reykjavíkur taldist hún uppfylla að flestu leyti grunnskólalög nr. 91/2008, aðalnámskrá grunnskóla (2011) og tilmæli skóla- og frístundasviðs um starfsáætlanir grunnskóla Reykjavíkur (sjá í fylgiskjölum: Gátlisti um starfsáætlun skóla). Er þá tekið tillit til sérstöðu skólans, en við skólann hefur ekki verið starfrækt skólaráð, foreldrafélag né nemendafélag.

Skólanámskrá liggur fyrir við matið og er birt á heimasíðu skólans. Farið var yfir skólanámskrána með gátlista (sjá fylgiskjal), eins og þar kemur fram vantar upplýsingar um nokkra þætti sem þar eiga að vera skv. aðalnámskrá 2011 og starfsáætlun Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur. Námsvísar eða námsáætlanir fyrir námshópa eða aldursstig eru ekki hluti af skólanámskrá og liggja ekki fyrir við matið. Í einstaklingsnámskrám koma fram markmið námsgreina og gegna þannig að einhverju leyti hlutverki námsvísa. Æskilegt er þó að fyrir liggi námsvísar fyrir námsgreinar og árganga sem hægt er að vísa í við gerð einstaklingsnámskrár.

Skóladagur nemenda

Skóladagur nemenda er heildstæður og stundatafla er samfelld. Dagurinn hefst með morgunstund kl. 8:10 og lýkur 13:20 þrjá daga vikunnar en 11:45 tvo daga. Kennarar fylgja nemendum í matartíma og frímínútur á unglíngastigi og telur skólinn þennan tíma til kennslutíma nemenda. Miðað við stundatöflur nemenda er vikulegur námstími skv. viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrár tæplega uppfylltur, þar vantar upp á 40 mín. á miðstigi og 30 mín. á unglíngastigi, úr þessu þarf að bæta. Tími í morgun- og hádegismat er skilgreindur sem kennsla en í skólanámskrá eða í einstaklingsnámskrám kemur ekki fram í hverju sú kennsla er fólgin. Sérstök og skilgreind markmið hljóta að vera með þessum kennslutíma eins og öðrum.

Nám nemenda er skipulagt í heildstæðar vinnulotur. Ekki er boðið upp á valgreinar á unglíngastigi, en fjölbreyttar list- og verkgreinar eru á stundatöflu nemenda.

Verklagsreglur og áætlanir

Áhersla hefur verið lögð á jákvæðan skólabrag og leiðir til að viðhalda honum. Skólareglur hafa verið unnar og er gerð grein fyrir þeim í starfsáætlun skólans. Reglurnar og viðbrögð við

agabrotum eru að mestu í samræmi við ákvæði í reglugerð nr. 1040/2011 (Sjá í fylgiskjölum: gátlisti um skólareglur). Skólareglur, jákvæðar ábendingar um hegðun og framkomu og einkunnarorð skólans eru sýnilegar á veggjum í skólastofum, oft með sjónrænum vísbendingum.

Nemendur sem rætt var við þekkja reglurnar og vita hvað gerist ef þær eru brotnar. Þær eru sýnilegar að þeirra mati og þær eru margar, „það er örugglega ekki hægt að vita ekki af þessu, þetta er á áberandi stöðum“. Nemendurnir fara flestir eftir reglunum telja þeir, þeim finnst reglurnar sanngjarnar og „það er gott að geta horft á og áminnt sig“.

Ekki er að finna upplýsingar um nemendaverndarráð á heimasíðu skólans eða í gögnum sem liggja fyrir við matið. Forvarnaráætlun er ekki birt í gögnum skólans og áætlun um viðbrögð við einelti meðal nemenda er ekki að finna á heimasíðu eða í gögnum skólans sem liggja fyrir við matið..

Rýmingaráætlun er birt á heimasíðu skólans, þar kemur fram að brunaæfing fer fram á hverju hausti og sjá umsjónarkennarar um að kynna áætlun fyrir nemendum. Ekki liggja fyrir upplýsingar um áhættumat.

Ekki liggja fyrir skráðar móttökuáætlanir fyrir nýja nemendur, fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku eða fyrir nemendur með sérþarfir.

Það sem vel er gert:

- Áhersla hefur verið lögð á jákvæðan skólabrag og leiðir til að viðhalda honum.
- Skólareglur, jákvæðar ábendingar um hegðun og framkomu og einkunnarorð skólans eru sýnilegar á veggjum í skólastofum, oft með sjónrænum vísbendingum.
- Nemendur sem rætt var við þekkja skólareglurnar og vita hvað gerist ef þær eru brotnar.

Tækifæri til umbóta:

- Lengja vikulegan námstíma nemenda til að uppfylla viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrár.
- Birta upplýsingar um nemendaverndarráð eða gera grein fyrir hvernig hlutverki þess er fyrir komið í skólanum.
- Birta áætlun um viðbrögð við einelti meðal nemenda.
- Gera móttökuáætlun fyrir nýja nemendur svo og verklagsreglur um inntöku nemenda og útskrift.

Samskipti heimila og skóla

Viðhorf foreldra og þátttaka í skólastarfi

Markmið Brúarskóla er að gera nemendur með margvíslegan vanda hæfari til að stunda nám í almennum grunnskóla (heimasíða skóla). Þar sem skólinn er tímabundið úrræði fyrir nemendur er ekki eiginlegt foreldrafélag eða skólaráð, en verið er að leita leiða til að uppfylla ákvæði laga og aðalnámskrár um samstarf skólans við foreldra í skólaráði og foreldrafélagi.

Samstarf kennara og foreldra er hins vegar mikið og 13% foreldra áttu dagleg samskipti við foreldra annarra barna í skólanum.

Í foreldrakönnun skóla- og frístundasviðs vorið 2013 svöruðu 19 foreldrar barna í Brúarskóla könnuninni af 28 í úrtaki eða 69%. Niðurstöður voru þær að allir foreldra voru ánægðir með Brúarskóla þegar á heildina var litið. Einnig voru allir foreldrar ánægðir með stjórnun Brúarskóla en 84% foreldra barna í öðrum grunnskólum Reykjavíkur ánægðir með stjórnun skóla síns barns í Reykjavík árið 2012.

Í heildina voru niðurstöðurnar góðar í foreldrakönnuninni fyrir skólaárið 2012-2013, mikil ánægja var með hæfni kennara og meðferð agamála. Foreldrarnir voru mjög ánægðir með starfsfólkið, hlýtt viðmót þeirra og töldu að börnin myndu fyrir virðingu frá starfsmönnum skólans. Þakklæti foreldranna var áberandi og sögðu þau börnin blómstra og óskuðu þess að skóli sem þessi gæti tekið við þeim til frambúðar. Meirihluti foreldra eða 81% taldi að barninu líði vel í skólanum almennt og 88% taldi barninu líða vel í kennslustundum. Af foreldrum barna í Brúarskóla urðu 19% foreldra varir við að barnið hafi orðið fyrir einelti en það er svipað og í öðrum skólum Reykjavíkur sama ár (18%). Þá töldu foreldrar helst að eineltið ætti sér stað í kennslustund (16%) eða á leiðinni til og frá skóla (16%). Meirihluti foreldra eða 63% töldu að vel væri unnið eftir eineltisáætlun skólans.

Mikill meirihluti foreldra telja miklar kröfur um góða hegðun í skólanum eða 93% en minnihluti foreldra telur miklar kröfur um námsárangur eða 44%. Allir foreldrar verða varir við einstaklingsmiðaða kennslu, 87% foreldra telja að verkefni sem barnið fái í skólanum séu hæfileg og 81% foreldra taldi námsefnið stuðla að félagsþroska nemenda. Nánast öllum foreldrum eða 94% virtust kennarar vera hæfir og metnaðarfullir, sama hlutfall foreldra fékk taldi námslegum þörfum barnsins vera mætt og fengu reglulega gagnlegar upplýsingar um námsárangur frá skólanum.

Þegar spurt var um aðstöðu og búnað í skólanum mældist aðgengi að tölvum lægst en 50% foreldra voru ánægðir með það (69% í öðrum skólum Reykjavíkur). Mesta ánægjan var með aðstöðu fyrir nemendur innandyra og í verklegum greinum eða yfir 80%. Mikill meirihluti foreldra voru ánægðir með máltíðir sem barnið fékk eða 81% (í öðrum skólum í Reykjavík voru 70% sama sinnis). Alls höfðu 69% verið í samstarfi við gerð einstaklingsnámskrá.

Í könnun vorið 2013 sem lögð var fyrir foreldra nemenda sem voru útskrifuð frá skólanum á bilinu 2009 til 2012 kom fram mikil breyting til hins betra. Nám og árangur var betri í 71% tilfella, hegðun batnaði í 81% tilfella og félagsfærni í 72% tilfella. Allir foreldrar töldu sig fá gagnlegar upplýsingar um stöðu barns síns og að þeir fengju upplýsingarnar nógu oft. Einnig töldu 89% foreldra vera gott jafnvægi á milli jákvæðra og neikvæðra fréttu.

Foreldrar í rýnihópi voru mjög ánægðir með starfsfólk skólans og viðmót þeirra til barnanna. Þeir voru einnig ánægðir með upplýsingaflæði frá kennara og stjórnendum og tóku fram að þau fá mikið af jákvæðum upplýsingum sem þau voru ekki von að fá í heimaskóla. Þegar foreldrar fá neikvæðar upplýsingar þá fylgir þeim alltaf einhver lausn.

Starfsmenn voru einnig ánægðir með samskipti heimilis og skóla eins og kom fram í rýnihóp kennara.

Rýnihópur foreldra benti á að börnunum liði afskaplega vel í Brúarskóla og foreldrarnir kviðu því að börnin yrðu send aftur í almenna skólakerfið. Þeir nefndu að það væri sár þörf á skóla sem tæki við börnum eins og þeirra fram að framhaldsskóla sem foreldrunum fannst mæta börnunum betur en almenni grunnskólinn. Foreldrar vöktu einnig máls á því að ekki væri æskilegt að blanda saman börnum sem eru byrjuð að nota vímuefni og börnum sem eru ekki byrjuð en í miklum áhættuhóp. Þó voru foreldrar í rýnihóp sem fannst að félagslíf þyrfti að vera meira.

Rýnihópur kennara nefndi einnig að félagslíf væri ekkert, en það hefði bæði kosti og galla. Börnin geti haft slæm áhrif á önnur börn en aukið félagslíf myndi henta öðrum vel. Kennarar bentu á að æskilegt væri að börnin héldu áfram félagslífi tengdu heimaskóla þeirra á meðan þau væru í Brúarskóla.

Bæði foreldrar og kennarar töluðu um að tölvu- og tækjakostur skólans væri úr sér genginn, og að íþróttaaðstaða sé engin við skólann. Fyrir þessa nemendur er það mjög slæmt og kennarar benda á að íþróttahús annarra skóla séu ekki útbúin með tilheyrandi öryggisbúnaði ef nemandi missir stjórn á sér.

Skólaráð og foreldrafélag

Skólaráð er ekki starfandi við skólann né heldur foreldrafélag og byggir það á sérstöðu skólans og þeirri staðreynd að nemendur staldra stutt við í skólanum. Verið er að leita leiða í samráði við starfsmenn á skóla- og frístundasviði til að uppfylla kröfur í lögum um grunnskóla og aðalnámskrá um formlegt samstarf heimila og skóla. Þar þarf að taka sérstakt tillit til sérstöðu skólans en einnig þarfa foreldra og nemenda.

Viðhorf skólastjóra Reykjavíkurskóla til Brúarskóla

Vorið 2013 voru lagðar fyrir skólastjóra Reykjavíkur spurningar sem þeir voru beðnir að svara sem höfðu sent eða tekið á móti nemendum frá Brúarskóla sl. 3 ár. Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar var mikil almenn ánægja meðal skólastjóra um starf Brúarskóla.

Mikill meirihluti eða 69% skólastjóra sem svöruðu könnuninni töldu inntökuvíðmið Brúarskóla vera skýr og 96% þeirra töldu samstarf við Brúarskóla hafa gengið mjög eða frekar vel á meðan á dvöl nemandans stóð. Tæp 90% töldu sig hafa fengið nægar upplýsingar um stöðu og gengi barnsins á meðan barnið var í Brúarskóla. Af skólastjórum Reykjavíkurskólanna fannst 88% aðlögun nemandans aftur í heimaskóla hafa gengið mjög eða frekar vel. Hvað varðar nám og árangur þótti 43% skólastjóra nemendum hafa gengið mjög eða frekar vel hvað varðar nám og árangur en 60% hvað varðar hegðun og félagslega færni.

Opin svör skólastjóra gáfu mjög skýra mynd af ánægju með Brúarskóla og sýna jákvæð viðhorf þeirra gagnvart starfinu sem fer fram innan skólans. Í fylgiskjali eru svörin birt óbreytt (sjá fylgiskjal; Svör skólastjóra vorið 2013).

Samskipti heimila og skóla

Það sem vel er gert:

- Í foreldrakönnun 2013 sögðust allir svarendur vera ánægðir með skólann almennt. Ánægja með stjórnun skólans var einnig 100%.
- Mikil ánægja kom fram í foreldrakönnun skólans með hlýlegt viðmót og virðingu starfsfólks í garð barnanna.
- Spurningar um líðan barnanna í skólanum komu vel út og einelti meðal nemenda var lítið.
- Gott upplýsingaflæði frá skóla til heimilis og mikið af jákvæðum fréttum af barninu.
- Börnin taka framförum eftir komu í skólann sem halda áfram eftir að þau voru útskrifuð samkvæmt könnun sem lögð var fyrir foreldra barna sem voru útskrifuð frá 2009-2012.
- Einstaklingsmiðuð nálgun starfsmanna, unnið er með sterka þætti nemenda og uppbyggingu nemenda.
- Skólastjórar í grunnskólum borgarinnar eru almennt ánægðir með Brúarskóla og viðhorf gagnvart því starfi sem þar fer fram eru jákvæð og skólavistin talin gagnast nemendum.

Tækifæri til umbóta:

- Setja á stofn skólaráð og efla þannig formlegt samstarf heimila og skóla.
- Stofna foreldrafélag og auka eiginlegt foreldrastarf innan skólans.
- Tryggja að nemendur fái útrás fyrir hreyfiþörf.
- Tryggja jákvæð samskipti nemenda í skólabíl.

Svið II Nám og kennsla

Nám og námsaðstæður

Brúarskóli er sérskóli í Reykjavík á grunnskólastigi fyrir nemendur sem eiga í alvarlegum gegðrænum-, hegðunar eða félagslegum erfiðleikum. Kennslan er því einstaklingsmiðuð og allir nemendur með sína einstaklingsnámskrá. Nemendur dvelja tímabundið í skólanum og mikil samskipti eru við heimaskóla nemenda. Kennslan fer fram í litlum bekkjum þar sem venjulega eru tveir sérkennarar saman með lítinn bekk (Heimasíða, um skólann).

Inntak og árangur

Skólanámskrá Brúarskóla, almennur hluti liggur fyrir við matið, en námsvísar eða námsáætlanir eru ekki birtar. Svo virðist sem einstaklingsnámskrár gegni hlutverki námsvísa að einhverju leyti, þar koma fram einstaklingsbundin markmið hvað varðar bæði nám og hegðun.

Markmið einstaklingsnámskránna eru skýr, bæði meginmarkmið með verunni í skólanum, hegðunar- og félagsfærnimarkmið og markmið í einstaka námsgreinum. Fram koma leiðir sem fara á, bæði hvað varðar hegðunar- og félagsfærnimarkmið og námsgreinamarkmið, ásamt upplýsingum um námsefni í bóklegum greinum. Gerð er grein fyrir matsaðferðum í stuttu máli, þ.e. hvaða leiðir kennari fer til að meta og hvað er metið. Styrkleikar hvers nemanda koma fram en ekki er verið að fjalla um veikleika á annan hátt en að fram kemur ástæða skólavistar og greiningar. Námskrárnar bera vitni um að foreldrar koma að gerð þeirra þar sem væntingar þeirra til skólavistarinnar koma þar fram auk þess sem gert er ráð fyrir undirritun þeirra.

Æskilegt er að fram komi í námskránum hvenær eða hve ört þær eru endurskoðaðar. Þegar um er að ræða tímabundna skólavist í eina til tvær annir þar sem stefnt er að mjög skýrum og afmörkuðum markmiðum, sérstaklega er varðar hegðun og félagsfærni, gæti verið heppilegt að búta niður tímabilið í hæfilegar einingar þannig að framvinda framfara verði sýnileg. Fram kemur í námskránum að farið sé yfir stöðu nemandans með ráðgjafarsviði einu sinni í mánuði. Spurning hvort endurskoðun einstaklingsnámskrár eigi ekki að vera tengd þeim fundum.

Skólavist í Brúarskóla er tímabundin og er markmið hennar að gera nemendur hæfari til að stunda nám í almennum grunnskóla. Að lokinni skólavist snúa nemendur að jafnaði aftur í sinn heimaskóla. Því er bent er á að form á samstarfi við heimaskóla og gagnkvæmar skyldur ættu að koma fram í námskránni að höfðu samráði við heimaskólann. Einungis er fjallað um matsaðferðir, þ.e. hvaða leiðir kennarinn fer til að meta nemandann en ekki hvernig sjálfsmati nemandans er háttað og hvernig framsetning námsmatsins á að vera.

Þar sem um tímabundna skólavist er að ræða væri eðlilegt að í einstaklingsnámskrá kæmu fram áætluð lok skólavistar eða hvenær stefnt er að þeim. Það kæmi þá líka fram við endurskoðun ef áætluðum skólalokum er frestað.

Skipulag náms og námsumhverfi

Í Brúarskóla Vesturhlíð er aðbúnaður og námsumhverfi mismunandi eftir aldurshópum og tilgangi hvers rýmis. Námsumhverfi í Brúarseli er aðlaðandi og aðbúnaður þar styður við þarfir nemenda bæði námslega og hegðunarlega. Á Stuðlum er ein stofa til ráðstöfunar. Skólinn á Dalbraut er í þremur húsum á lóð Barna- og unglíngageðdeildar.

Framvinda náms fylgir einstaklingsmarkmiðum sem fram kemur í námsáætlun nemenda. Í skólanum er megináhersla lögð á hegðunarmótun og að mæta nemendum þar sem þeir eru staddir í námi. Markmið einstaklingsnámskráa eru byggð á upplýsingum um náms- og félagslega stöðu nemenda og fyrirliggjandi greiningum. Unnið er samkvæmt skráðu verklagi um viðbrögð við óæskilegri hegðun og samskiptum. Í vettvangsathugunum og rýnihópum kemur fram að allir starfsmenn vita hvernig bregðast á við óæskilegri hegðun og hafa fengið til þess viðeigandi þjálfun. Í vettvangsathugunum urðu uppákomur þar sem brugðist var við óæskilegri hegðun í samræmi við verklag. Vinnubrögð starfsmanna voru fumlaus, komið fram við nemendur af virðingu og þeir upplýstir um hvert skref, ávinning og afleiðingar. Stigskipting er á inngripi. Fyrst er nemendum beint í „gula herbergið“ þar sem þeir fá tækifæri til að róa sig og vinna samkvæmt ákveðnu fyrirkomulagi. Takist nemendum ekki að uppfylla þetta fara þeir í einvist í annað rými. Sé ofbeldi alvarlegt er gripið inn í með líkamlegu inngripi og fara nemendur þá beint í einvist.

Í vettvangsathugunum ræddu kennarar reglulega við nemendur um hegðun, líðan og nám. Einnig voru hvatningabækur markvisst notaðar en þar eru markmið hvers nemanda skráð. Í viðtölum við nemendur og í vettvangsathugunum kemur fram að nemendur vita um tilgang og markmið skólavistar sinnar í Brúarskóla. Í rýnihópi foreldra kemur fram að þeir eru vel inn í tilgangi og markmiði skólavistar barna sinna í Brúarskóla.


Kennsluhættir og gæði kennslu

Kennsla í Brúarskóla er einstaklingsmiðuð. Gerð er einstaklingsnámskrá fyrir hvern nemenda sem er byggð á mati á stöðu nemandans og upplýsingum frá foreldrum og fleiri aðilum. Námskrár nemenda eru skriflegar og þær eru endurmetnar reglulega. ART (agression replacement training) er ein af undirstöðum skólastarfsins ásamt því að vinna með hegðun á skipulagðan og lausnamiðaðan hátt. Í ART er unnið með félagsfærni, reiðistjórnun, samskipti og siðferðisþroska. Ennfremur er lögð mikil áhersla á íþróttir og útivist, list- og verkmennt, íslensku, (lestur, lesskilningur, hlustun, tjáning, umræða) stærðfræði, ensku, unnið er út frá markmiðum Aðalnámskrár grunnskóla miðað við stöðu hvers og eins (Skólanámskrá Brúarskóla).

Í vettvangsathugunum kemur fram að nemendur eru almennt meðvitaðir um sín markmið og þeir leggja sjálfir mat á hvernig þeim hefur tekist að ná þeim í lok hvers skóladags. Brugðist er við óæskilegri hegðun þegar hún kemur upp með fyrirfram ákveðnum hætti. Stuðningur við jákvæða hegðun og markviss endurgjöf kennara á hegðun nemenda og vinnubrögð teljast til fyrirmyndar að mati þeirra sem heimsóttu skólann.

Miðað við það sem fram kemur í vettvangsathugunum er æskilegt að leita leiða til að auka fjölbreytni í námsleiðum og efla markvissa samvinnu nemenda. Einnig að nýta betur umhverfi skólans til náms.

Farið var í vettvangsheimsókn í alls 17 stundir, tvær voru ekki metnar, en lagt var mat á gæði 15 kennslustunda samkvæmt viðmiðum sem notuð eru við heildarmatið (sjá fylgiskjal 2: Viðmið um gæði kennslu). Af þeim voru 33% stundanna metnar frábærar eða alls fimm stundir, 60% góðar eða níu stundir, 7% viðunandi og engin óviðunandi (Fylgiskjal 3: Vettvangsheimsóknir).



Að meðaltali er hlutfall gæða kennslustunda í þeim grunnskólum sem metnir hafa verið sl. ár þannig: Frábærar 10%, góðar 63%, viðunandi 24%, óviðunandi 3%.

Gæði kennslustunda eru metin m.a. út frá því hve vel og markvisst kennari skipuleggur stundina, hversu vel tíminn er nýttur og hvort nemendur eru virkir og áhugasamir. Kennslustund sem metin er viðunandi þarfnast úrbóta í einhverjum þáttum en er samt í meginatriðum í lagi.

Námshættir og námsvitund

Nemendur eru misáhugasamir um nám sitt en í vettvangsathugunum virtust þeir flestir sáttir við leiðir og aðferðir sem notaðar eru í kennslu og til að stjórna hegðun. Markvisst var unnið að því að efla nemendur í að gera sér grein fyrir jákvæðri og neikvæðri hegðun og samskiptum og afleiðingum þeirra. Miðað við það sem séð varð í vettvangsathugunum ræður kennarinn oftast ferðinni hvað varðar dagskrá dagsins og einstaklingar hafa ekki mikið val um viðfangsefni eða námsleiðir.

Nám og námsaðstæður

Það sem vel er gert:

- Í vettvangsathugunum voru 93% stunda metnar góðar eða frábærar.
- Einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir alla nemendur.
- Verklag og framkvæmd starfsmanna um viðbrögð við óæskilegri hegðun og samskiptum.

- Nemendasamtöl og viðgjöf starfsmanna til nemenda í hvatningabækur.

Tækifæri til umbóta:

- Æskilegt er að stigskipta markmiðum nemenda í einstaklingsáætlun, setja fram mælanleg markmið til skemmri tíma.
- Skráð verði í skólanámskrá hvernig samstarfi milli skólastiga úr grunnskóla í framhaldsskóla er háttað.
- Leggja þarf metnað í að auka enn frekar fjölbreytni í kennsluháttum og markvissa samvinnu nemenda..
- Auka þyrfti val nemenda um viðfangsefni og/eða námsleiðir.

Þátttaka og ábyrgð nemenda

Lýðræðisleg vinnubrögð

Ekki er sérstaklega fjallað um lýðræðislegar áherslur eða vinnubrögð í skólanámskrá og starfsáætlun skólans. Ekki kemur heldur fram að markvisst sé leitað eftir sjónarmiðum nemenda um námið og fyrirkomulag skólastarfsins og ekki er til skráð verklag þar um. Í skólanum er ekki nemendafélag, foreldrafélag né skólaráð.

Í rýnihópi kennara kemur fram að gerð skólareglna sé í höndum kennara og starfsfólks enda tengist nemendur og foreldrar skólanum að öllu jöfnu einungis tímabundið. Þær séu í sífelldri skoðun og komi allir starfsmenn þar að. Það sama kom fram í rýnihópi starfsfólks og í rýnihópi stuðningsfulltrúa, starfsmenn þekkja og fara eftir reglum skólans, þær séu sýnilegar í öllum rýmum skólans, sífellt sé verið að skoða þær og að því komi allur starfsmannahópurinn. Í viðtölum við nemendur kemur fram að þeir þekkja vel reglur skólans og álíta þær sanngjarnar.

Í rýnihópi kennara kom fram að nemendur hefðu ýmislegt um námið að segja og hegðunarmarkmið nemenda væru ákvörðuð í samvinnu við foreldra en kennarar sæju um gerð námsáætlana. Einnig kemur fram að foreldrar og nemendur eru ekki með í ráðum við gerð einstaklingsnámskráa en stundum geti verið um eitthvað samráð við foreldra að ræða. Við yfirferð á einstaklingsnámskrám má sjá þess merki að foreldrar komi að gerð þeirra þar sem væntingar þeirra til skólavistarinnar koma fram, auk þess sem gert er ráð fyrir undirritun þeirra.

Í ART kennslustundum fá nemendur markvissa kennslu í félagsfærni og að takast á við ýmsar félagslegar aðstæður svo sem að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Þeirri færni er síðan fylgt eftir í öðrum kennslustundum enda er umsjónarkennari alltaf með nemandanum í ART tímum. Í öllum aðstæðum í skólanum er skýrt að unnið er markvisst að því að nemendur geri sér grein fyrir að hegðun þeirra hefur ákveðnar jákvæðar eða neikvæðar afleiðingar. Hins vegar var ekki að sjá að nemendur hefðu áhrif á verkefnaval, námsefni og leiðir í kennslustundum utan þess sem þeir höfðu með hegðun sinni og framkomu.

Í viðtölum við nemendur komu fram dæmi um að þeir fengju að ráða hvort þeir vinni einir eða með öðrum og þeir álitu að kennarar hlustuðu á þá og tækju þá alvarlega, „þeir hlusta á

mann, þeir bera virðingu fyrir mínum skoðunum og hvernig mér líður. Þau skilja mann, sérstaklega ef maður hefur vandamál...“ Í kennslustundum einkenndust samskipti nemenda, kennara og stuðningsfulltrúa af yfirvegum, virðingu, staðfestu og jákvæðni. Þetta kom m.a. mjög skýrt fram í viðbrögðum þegar óæskileg hegðun birtist hjá nemendum.

Ábyrgð og þátttaka

Í viðtölum við nemendur kemur fram að þeir þekkja markmið sín vel og umbunar- og hvatningarkerfi skólans. Hins vegar eru námsvísar eða námsáætlanir fyrir námshópa eða aldurstig ekki fyrir hendi. Við athugun í kennslustundum kom skýrt fram að hver nemandi var vel upplýstur um til hvers var ætlast, um verkefni sitt og fyrir hvað var verið að hrósa eða umbuna. Einnig var skýrt hvernig og hvaða jákvæð og/eða neikvæð áhrif nemendur gátu haft á framvindu kennslustundarinnar með hegðun sinni. Í viðtali við nemanda kom til dæmis fram að hann þekkti vel markmið sín. Í ART tímum er lögð rík áhersla á mikilvægi þess að nemendum séu ljós markmið hvers færniþáttar sem tekinn er fyrir.

Hjá kennurum kemur fram að nemendur séu ekki með í ráðum við ákvörðun markmiða í einstaklingsnámskrá en rætt hafi verið um það í sambandi við meiri sjálfsábyrgð nemenda. Nemendur taka þannig ekki beinan þátt í að setja sér náms- og hegðunarmarkmið og þar af leiðandi ekki markvissa kennslu hvað það varðar.

Gert er ráð fyrir undirskrift foreldra á einstaklingsnámskrár barna sinna og má því merkja að þeir séu hafði með í ráðum varðandi einstaklingsmarkmið þeirra. Í rýnihópi með foreldrum kom einnig fram að þeir fái mikið af upplýsingum frá kennara og stjórnendum, farið sé yfir markmið barnsins með þeim og þeir séu inn í því sem framundan er. Reglulega eru haldnir stöðufundir vegna nemenda sem foreldrar sitja.

Í einstaklingsnámskrám er fjallað um námsmat og matsaðferðir en ekki er skýrt hver viðmið um árangur eru fyrir viðkomandi nemanda. Framvinda framfara er þannig ekki sýnileg á skýran hátt í einstaklingsnámskrám nemenda. Í öllu skólastarfinu fá nemendur stöðuga endurgjöf varðandi frammistöðu sína með umbunarkerfi og í hvatningarbók. Þegar nemendum var hrósað eða þeim leiðbeint var alltaf skýrt fyrir hvað var verið að hrósa, hvað nemandinn hafði gert rétt eða vel eða hvað mætti betur fara.

Viðhorf nemenda

Þegar farið er yfir niðurstöður sem hér fylgja ber að hafa í huga nemendahópinn í Brúarskóla og sérstöðu hans. Samanburður við aðra grunnskóla Reykjavíkur er eingöngu ætlaður til að setja tölurnar í samhengi.

Samkvæmt nemendakönnun sem lögð var fyrir nemendur Brúarskóla vorið 2013 svöruðu 40% að þau teldu sig ekki geta lært eitthvað mjög erfitt (62% í öðrum skólum Reykjavíkur). Aftur á móti sögðu allir nemendur að ef þeir vilja læra eitthvað vel, þá geti þeir það (80% í Reykjavík). Viðhorf nemenda í Brúarskóla til lesturs virðist ekki vera neikvætt þar sem 43% sögðu lestur vera eitt af sínum uppáhalds áhugamálum (39% Reykjavík) og 57% svöruðu að þeim þætti gaman að fara í bókabúð eða á bókasafn (62% í Reykjavík). 43% nemenda fannst erfitt að klára bækur sem þeir lesa (24% í Reykjavík) og 71% barna í Brúarskóla sögðust lesa bara þegar þau þurftu að gera það (40% Reykjavík). Af þessum tölum að dæma virðist viðhorf

til lesturs vera jákvætt en nemendur lesa minna en nemendur annarra skóla í Reykjavík. Stærðfræðiáhugi var mikill eða um 67% sem er svipað og í öðrum grunnskólum Reykjavíkur þar sem hann er að meðaltali um 66%.

Nemendur Brúarskóla höfðu lægra sjálfsálit en aðrir nemendur í grunnskólum borgarinnar. Helmingur barna í Brúarskóla þóttu þau sjálf stundum vera misheppnuð (15% í Reykjavík), 50% fannst þau ekki hafa margt til að vera stolt af (20%) og 50% fannst þau stundum vera einskis virði (25% í Reykjavík). Þegar kom að jákvæðu spurningunum voru nemendur í Brúarskóla nær meðaltali borgarinnar. Í Brúarskóla segjast 83% nemenda hafa jákvætt viðhorf til sjálfs sín (88% í grunnskólum Reykjavíkur). Eins töldu 83% nemendanna sig vera að minnsta kosti jafn mikils virði og aðrir (93% í Reykjavík) og 83% töldu sig hafa marga góða eiginleika (91% í Reykjavík).

Stjórn nemenda á eigin lífi mældist töluvert minni í Brúarskóla en Reykjavík. Yfir helmingur nemenda í Brúarskóla töldu í raun útilokað fyrir þá sjálfa að ráða fram úr sumum vandamálum sínum eða 67% á meðan sú tala var 29% í öðrum skólum Reykjavíkur. Hins vegar töldu 83% nemenda í Brúarskóla framtíð sína aðallega byggjast á þeim sjálfum (86% í Reykjavík). Sömu hlutföll nemenda töldu einnig að þeir gætu gert næstum allt sem þeir einbeittu sér að (83% nemenda í Brúarskóla og 86% í öðrum grunnskólum Reykjavíkur).

Vanlíðan nemenda og kvíði var einnig meiri en í öðrum grunnskólum borgarinnar. Í Brúarskóla lýstu 67% nemenda einbeitingaskorti (7% í Reykjavík), 33% nemenda lýsti þunglyndi og að þurfa að hafa mikið fyrir hlutunum. Helmingur nemenda lýstu depurð (6% í Reykjavík) og 67% að þeir gætu ekki lært heima eða í skólanum (6% í Reykjavík). Nemendur voru einnig frekar taugaóstyrkir, fundu meira fyrir streitu og skyndilegri hræðslu en aðrir nemendur í grunnskólum í Reykjavík.

Hærra hlutfall nemenda greindi frá einelti en í öðrum grunnskólum Reykjavíkur. Helmingi nemenda leið eins og þeir væru skildir útundan (8% í Reykjavík) en allir voru hins vegar sammála um að þeir ættu auðvelt með að eignast vini (81% í Reykjavík). Þriðjungur nemenda í Brúarskóla sagðist vera einmana (9% í Reykjavík) og 17% leið mjög illa yfir því hvernig krakkarnir létu við þá (2% í Reykjavík).

Samskipti nemenda og kennara voru góð í Brúarskóla. Þar nefndu 83% nemenda að flestir kennarar þeirra hlustuðu vel á það sem nemendur höfðu að segja (81% í Reykjavík), að sama skapi fengu 83% nemenda auka aðstoð frá kennurum ef þeir þörfnuðust hennar (84% í Reykjavík). Helmingi nemenda samdi vel við flesta kennara (76% í Reykjavík) og nemendum fannst flestir kennarar vera áhugasamir um að nemendum líði vel (83% í Reykjavík). Í Brúarskóla töldu 80% nemenda kennara sýna áhuga á námi sérhvers nemanda (72% í Reykjavík) og allir nemendur töldu kennarann veita auka aðstoð ef nemendur þurftu á henni að halda (77% í Reykjavík) og að kennarinn héldi áfram að útskýra þar til nemendur ná skilningi (78% í Reykjavík). Að sama skapi sögðu nemendur í viðtölum og könnun að starfsfólk Brúarskóla kæmi fram við það af virðingu og gæfi þeim tækifæri til að tjá skoðanir sínar og hugmyndir „kennararnir taka mark á manni og þeir taka mann alvarlega“.

Hlutfall nemenda sem ræddu saman um námsefnið í Brúarskóla var 80% en 38% í öðrum grunnskólum Reykjavíkur.

Agi í tímum var að jafnaði svipaður og í öðrum skólum í Reykjavík að mati nemenda. Í Brúarskóla nefndu nemendur ekki nema í 17% tilvika að nemendur gætu ekki unnið vel (14% í Reykjavík), 33% að það væri hávaði og óróleiki í kennslustundum (30% í Reykjavík) og 20% að nemendur byrji ekki að vinna fyrr en langt er liðið á kennslustundina (30% í Reykjavík).

Í foreldrakönnun árið 2013 mátu foreldrar barna í Brúarskóla líðan barna sinna í skólanum góða en 81% töldu börnum sínum líða *mjög* eða *frekar vel* í skólanum almennt (meðaltal Reykjavíkur 94%). Líðan í kennslustundum mældist enn hærrí en 88% foreldra merkti við að barninu liði *mjög* eða *frekar vel* þar (meðaltal Reykjavíkur 93%). Nemendur sem rætt var voru jákvæðir gagnvart skólanum og töldu sig hafa lært ýmislegt s.s. „að halda ró“ sinni og voru ánægðir með ART-kennsluna.

Þátttaka og ábyrgð nemenda

Það sem vel er gert

- Skólareglur eru sýnilegar, allt skólasamfélagið þekkir þær og sátt er um þær.
- ART kennsla og yfirfærsla félagsfærinnar á aðra þætti skólastarfsins.
- Samskipti og samvinna starfsfólks.
- Andrúmsloft virðingar og staðfestu í skólasamfélaginu.
- Mikil og stöðug endurgjöf og hvatning til nemenda.

Tækifæri til umbóta

- Vinna umfjöllun um lýðræðislegar áherslur eða vinnubrögð í skólanámskrá.
- Móta verklag um hvernig markvisst sé leitað eftir sjónarmiðum nemenda um námið og fyrirkomulag skólastarfsins.
- Móta hugmyndir sem henta í Brúarskóla um nemendafélag, foreldrafélag og skólaráð.
- Útfæra aðkomu nemenda að þátttöku í ákvörðunum um námsleg, félagsleg og hegðunarleg markmið sín.
- Rýna betur í starfsánægju stuðningsfulltrúa.
- Huga að námsvísunum fyrir aldursstigin sem leiðbeinandi umgjörð um einstaklingsmiðað nám nemenda.
- Skilgreina regluleg árangursviðmið í einstaklingsnámskrám.

Námsaðlögun

Nám við hæfi allra nemenda

Aldurshópar eru aðgreindir í skólastarfinu þar sem þarfir og vandi nemenda er ólíkur á mið- og unglingsstigi. Innan aldursstiga er hins vegar að öllu jöfnu unnið með nemendum í litlum hópum nema þegar grípa þarf inn í vegna hegðunarvanda einstakra nemenda.

Í stefnu Reykjavíkurborgar um skóla án aðgreiningar er viðurkenning, þátttaka, margbreytileiki, virðing, árangur, samþætting í skólastarfi og stuðningur þættir sem lagðir eru til grundvallar í skilgreiningu á stefnunni. Sjá má dæmi um allfesta þessa þætti í skólastarfi Brúarskóla. Benda má þó á að ýmis sóknarfæri eru fyrir hendi t.d. hvað varðar frekari útfærslu á lýðræðislegum vinnubrögðum með nemendum þar sem ekkert nemendafélag er við skólann og virkari aðkomu nemenda að því að ákveða markmið sín í námi og hegðun.

Eins og fram kemur í vettvangsathugunum, viðtölum og rýnihópum einkennist skólabragurinn af virðingu fyrir öllum í skólasamfélaginu.

Í skólanum er nám nemenda einstaklingsmiðað og gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir alla nemendur. Nemendur eru hvattir til að vera virkir í námi og starfi og fram kemur í rýnihópi stjórnenda og í viðtali við nemanda að leitað er leiða til að auka virkni þeirra með fjölbreyttum verkefnum í list- og verkgreinum og með ýmis konar þemavinnu. Vettvangsathuganir benda hins vegar til þess að bóklegt nám einkennist almennt af einhæfum kennsluháttum þar sem nemendur vinna einstaklingsverkefni og kennarinn leiðbeinir eða er til taks ef spurningar vakna hjá nemandanum.

Stuðningur við nám

Skólavist í Brúarskóla er í sjálfu sér stuðningur við nám og sér í lagi við hegðun og félagsfærni nemandans. Markvisst er fylgst með framförum allra nemenda m.a. með einstaklingslegri skráningu í hvatningabækur og með umbunarkerfi. Einnig eru reglulega haldnir stöðufundir um hvern nemanda þar sem farið er yfir framfarir og árangur.

Öll kennsla í skólanum er einstaklingsmiðuð og bera kennarar ábyrgð á námi og kennslu. Kennt er samkvæmt einstaklingsnámskrám þar sem byggt er á þeim gögnum sem koma frá heimaskóla nemandans og upplýsingum frá foreldrum. Stuðningsfulltrúar starfa bæði á göngum og í skólastofum og er hlutverk þeirra að aðstoða varðandi hegðun nemenda.

Kennarar hafa aðgang að ráðgjöf hjá ráðgjafarsviði skólans um kennslu og nám og fá þar einnig aðstoð og leiðbeiningar varðandi hegðunarmótandi vinnu. Einnig er starfandi stuðningsteymi sem hefur það hlutverk að styðja við starfsmenn sem verða fyrir alvarlegu áfalli við störf sín í skólanum.

Foreldrar í rýnihópi lýstu yfir ánægju sinni með vinnu starfsfólks Brúarskóla með börn sín. Fram kom að unnið væri með styrkleika barnanna, þau hvött áfram þegar þau gera eitthvað jákvætt og að ótrúleg breyting hefði orðið á mörgum börnum. Farið sé yfir markmið nemenda þannig að foreldrar eru vel upplýstir um það sem framundan er.

Ekki er starfandi sérstakt nemendaverndarráð við skólann.

Námsaðlögun

Það sem vel er gert

- Grundvallarþættir að baki hugmyndafræði um skóla án aðgreiningar eru sýnilegir í skólastarfinu
- Skólabragur sem einkennist af virðingu fyrir öllum í skólasamfélaginu
- Nemendur eru hvattir til að vera virkir í námi og starfi

- Markvisst er fylgst með framförum og árangri hvers nemanda
- Aðgangur kennara að breiðri ráðgjöf
- Ánægja foreldra með skólann er mikil.

Tækifæri til umbóta

- Frekari útfærsla á lýðræðislegum vinnubrögðum með nemendum með stofnun nemendafélags.
- Virkari aðkoma nemenda að því að ákveða markmið sín í námi og hegðun.
- Leita leiða til að auka fjölbreytni í náms- og kennsluháttum.
- Skoða hvernig hægt er að formgera nemendaverndarráð við skólann.

Svið III Innra mat grunnskóla

Innra mat er kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi

Innra mat í Brúarskóla getur hvorki talist kerfisbundið né samofið daglegu skólastarfi. Í gögnum skólans er ekki að finna umfjöllun um innra mat, hvorki í skólanámskrá, starfsáætlun né á heimasíðu skólans. Engin áætlun um innra mat liggur fyrir hvorki til lengri né skemmri tíma. Mat á stöðu nemenda fer þó reglulega fram og er því lýst í skólanámskrá og starfsáætlun. Einnig meta nemendur frammistöðu sína sig í lok hvers skóladags og horfa þá til markmiða sinna og hvernig þeim hefur gengið að ná þeim.

Að sögn skólastjóra eru fastir vikulegir fundir notaðir til að ræða ýmis mál og hvernig gengið hefur í vikunni. Miðað við skólaheimsókn er ekki hægt að segja að mat og ígrundun kennara og annarra starfsmanna á eigin starfsháttum sé sýnilegur liður í daglegu starfi þeirra þó auðvitað fari slíkt mat ætíð að einhverju leyti fram.

Sjálfsmatsskýrsla var gerð í Skólaspeglinum fyrir skólaárið 2011-2012. Þar er gerð grein fyrir mati á öllum þáttum skólastarfsins og tilgreindar aðgerðir til úrbóta. Mest er byggt á niðurstöðum skólans úr ytra mati s.s. könnunum á viðhorfum foreldra og starfsmanna. Einnig kemur fram að mat fari fram í starfsþróunarsamtölum milli skólastjóra og starfsmanna.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið gerði úttekt á sjálfsmatsaðferðum Brúarskóla haustið 2009 og heildarniðurstöður hennar voru að skólinn uppfyllti bæði viðmið um sjálfsmatsaðferðir og framkvæmd sjálfsmats að öllu leyti.

Innra mat er markmiðsbundið

Í sjálfsmatsskýrslu frá 2011-2012 er lýst markmiðum skólastarfsins en nokkuð vantar á að þau séu metin með markvissum hætti eða skilgreind viðmið um þann árangur sem stefnt er að. Innra matið þarf því að bæta til að það geti talist talist uppfylla viðmið um að vera markmiðsbundið.

Innra mat byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum

Í sjálfsmatsskýrslu frá 2011-2012 kemur fram að skólinn nýtir niðurstöður ytra mats, s.s. kannanir og skimanir sveitarfélags og ytra mat sveitarfélags og ráðuneytis í innra matið. Lagt er mat á árangur og framfarir nemenda á reglulegum stöðufundum með þátttöku foreldra. Ekki liggur fyrir skráð vinnuferli í tengslum við gagnaöflun um skólastarfið.

Innra mat er samstarfsmiðað og byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum

Innra mat í Brúarskóla uppfyllir ekki að fullu viðmið um að vera samstarfsmiðað og byggja á lýðræðislegum vinnubrögðum. Í sjálfsmatsskýrslu er lítið fjallað um hverjir koma að mati á einstökum þáttum skólastarfsins. Kennarar annast mat á árangri og framförum nemenda. Ekki er sýnilegt að foreldrar og nemendur hafi aðkomu að ákvörðunum í tengslum við innra mat, en af hálfu skólans er leitað eftir sjónarmiðum foreldra um málefni sem varða þeirra börn. Einnig kemur fram að mat á einstökum þáttum er rætt í starfsþróunarsamtölum og kennarafundir eru vettvangur til skoðanaskipta í starfsmannahópnum.

Innra mat er opinbert

Engar greinargerðir um innra mat eru aðgengilegar á heimasíðu eða á öðrum opinberum vettvangi. Umbótaáætlun er birt á heimasíðu skólans.

Innra mat er umbótamiðað

Í sjálfsmatsskýrslu frá 2011-2012 er ekki dregin saman styrkleikar og veikleikar né gerð grein fyrir umbótaþáttum í heild. Umbótaáætlun Brúarskóla fyrir árin 2012-2014 er birt á heimasíðu, þar er gerð grein fyrir umbótaverkefnum í fjórum víddum: Skólastarf; Verklag; Mannauður og fjármál. Í hverri vídd eru tilgreind verkefni eða aðgerðir, fram kemur hver ber ábyrgð, tímabil og mælikvarði á árangur. Tímabil aðgerða/verkefna er frá því að vera eitt og upp í þrjú ár. Tengsl milli þess mats sem birtist í sjálfsmatsskýrslu og umbótaáætlunar eru óljós, sum verkefni virðast sprottin úr sjálfsmatinu en önnur ekki.

Innra mat

Það sem vel er gert:

- Nemendur meta frammistöðu sína sig í lok hvers skóladags.
- Stöðumat á framförum og árangri nemenda í námi, hegðun og samskiptum fer fram reglulega.
- Umbótaáætlun fyrir árin 2012-2014 er birt á heimasíðu.

Tækifæri til umbóta:

- Birta áætlun um innra mat í skólanámskrá og birta greinargerðir um innra mat með opinberum hætti, t.d. á heimasíðu skólans.
- Skýra þarf tengsl innra mats og umbótaverkefna.
- Skýra þarf hvernig og hvenær umbótaverkefni eru metin.
- Leita þarf leiða til að meta reglulega kennslu og fagmennsku kennara ásamt því að gera mat og ígrundun kennara og annarra starfsmanna á eigin starfsháttum að lið í daglegu starfi þeirra með formlegri hætti en nú er.
- Bent er á að skv. aðalnámskrá (2011) á innra mat að beinast að markmiðum skólanámskrár og meta þarf jafnframt leiðir að markmiðum.

Greining

Styrkleikar

Skýr sýn á hlutverk og tilgang skólans að vinna fyrir nemendahópinn einkennir skólastarfið, sýnin er sameiginleg og sátt er um hana. Samvinna og samheldni mikil í starfsmannahópnum, Virðing er ríkjandi meðal kennara og nemenda og metnaður sýnir sig í mörgum öflugum þróunarverkefnum og í því að takast á við erfiðar aðstæður. Foreldrar lýsa ánægju með skólann og skólastjórar almennra skóla telja að vel hafi tekist til með skólavist í Brúarskóla. Vel er staðið að hegðunarmótun og félagsfærni m.a. með mikilli og stöðugri endurgjöf og hvatningu til nemenda. Markvisst er fylgst með framförum og árangri hvers nemanda. Á ráðgjafarsviði skólans er unnið gott starf bæði innan skólans og utan.

Veikleikar

Skóladagur nemenda uppfyllir ekki viðmiðunarstundaskrá að fullu. Lítil fjölbreytni í námsleiðum og kennsluháttum. Námið kemur í annað sæti eftir hegðunarmótun. Hluti af starfseminni er ekki skilgreindur í skólanámskrá, s.s. lýsing á því námi/kennslu sem fram fer í hléum. Skipurit er ekki lýsandi fyrir starfsseminna.

Ögranir

Skólastarfið er skipt í margar starfsstöðvar. Samskipti við heimaskóla nemenda er krefjandi verkefni. Viðhalda góðum starfsanda. Vinna að virkni þeirra unglunga sem eiga við vímuefana- og skólasóknarvanda að stríða. Virkja áhugasvið nemenda í við útfærslu á námsefni og námsleiðum.

Tækifæri

Þróa fjölbreyttar námsleiðir og kennsluhætti sem henta nemendahópnum. Útfæra lengri skóladag nemenda. Huga að samstarfi og samþættingu við frístundastarf. Einstaklingsnámskrár verði þróaðar til að stýra betur námi og sýni framfarir. Efla samstarf við foreldra og leita leiða til að koma á skólaráði og foreldrafélagi. Efla nemendalýðræði og leita leiða til að koma á starfsemi nemendafélags. Efla tengsl við framhaldsskólastigið. Efla samstarf og gagnkvæma upplýsingamiðlun við þjónustumiðstöðvar og velferðarþjónustu.

Samantekt

Fagleg forysta

Það sem vel er gert:

- Starfslýsingar eru til fyrir alla starfsmenn skólans.
- Stjórnun skólans einkennist af samvinnustjórnun og stjórnendateymið fundar reglulega.
- Starfsþróunarsamtöl eru reglulega fyrir alla starfsmenn.
- Allir starfsmenn undirrita yfirlýsingu um trúnað í starfi.
- Kynjaskipting í starfsmannahópnum er nokkuð jöfn.
- Mikil samheldni og góð samskipti eru innan starfsmannahópsins, þvert á starfsstöðvar.
- Samvinna kennara og stuðningsfulltrúa er nán.
- Vikulegir „útblastursfundir“ fyrir alla starfsmenn í Vesturhlíð á föstudögum.
- Allir starfsmenn koma að því að semja og endurskoða skólareglur.

- Mikill faglegur metnaður og áhugi á þróunarstarfi í starfsmannahópnum.
- Tölvupóstur og dagbækur notuð á markvissan hátt til að miðla upplýsingum.
- Starfsmannafélagið er virkt og þátttaka í félagslífi utan vinnu ágæt.
- Starfsmenn upplifa sig örugga í starfi og kunna viðeigandi viðbrögð við erfiðri hegðun nemenda.

Tækifæri til umbóta:

- Endurskoða þarf skipurit skólans svo það endurspegli fyrirkomulag stjórnunar í skólanum.
- Æskilegt er að stjórnendur fari oftari að fylgjast með starfinu á útstöðvum og í unglingsdeild í útistofum.
- Mikilvægt er að stjórnendur veiti öllum starfsmönnum markvissa endurgjöf á störf sín.
- Skyld er að afla upplýsinga úr sakaskrá um alla starfsmenn skólans.
- Móta þarf formlega jafnréttisáætlun um jafna stöðu kynjanna í starfsmannahópnum.
- Móta þarf formlegar reglur um skjalamál og upplýsingagjöf um nemendur í skólanum.
- Koma þarf á formlegu samstarfi við framhaldsskóla.
- Leita þarf leiða til að bæta tækjabúnað og vinnuaðstöðu starfsmanna í Brúarseli.
- Huga þarf að endurbótum á húsnæði og búnaði í Vesturhlíð.
- Gera þarf grein fyrir á hverju umbótaáætlun skólans byggir og skerpa á tímamörkum og mælikvörðum um árangur.
- Leita þarf leiða til að bæta aðgengi að símenntun og fjölga valkostum starfsmanna til að sækja sér aukna menntun.

Stefnumótun og skipulag

Það sem vel er gert:

- Áhersla hefur verið lögð á jákvæðan skólabrag og leiðir til að viðhalda honum.
- Skólareglur, jákvæðar ábendingar um hegðun og framkomu og einkunnarorð skólans eru sýnilegar á veggjum í skólastofum, oft með sjónrænum vísbendingum.
- Nemendur sem rætt var við þekkja skólareglurnar og vita hvað gerist ef þær eru brotnar.

Tækifæri til umbóta:

- Lengja vikulegan námstíma nemenda til að uppfylla viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrár.
- Birta upplýsingar um nemendaverndarráð eða gera grein fyrir hvernig hlutverki þess er fyrir komið í skólanum.
- Birta áætlun um viðbrögð við einelti meðal nemenda.
- Gera móttökuáætlun fyrir nýja nemendur svo og verklagsreglur um inntöku nemenda og útskrift.

Samskipti heimila og skóla

Það sem vel er gert:

- Í foreldrakönnun 2013 sögðust allir svarendur vera ánægðir með skólann almennt. Ánægja með stjórnun skólans var einnig 100%.

- Mikil ánægja kom fram í foreldrakönnun skólans með hlýlegt viðmót og virðingu starfsfólks í garð barnanna.
- Spurningar um líðan barnanna í skólanum komu vel út og einelti meðal nemenda var lítið.
- Gott upplýsingaflæði frá skóla til heimilis og mikið af jákvæðum fréttum af barninu.
- Börnin taka framförum eftir komu í skólann sem halda áfram eftir að þau voru útskrifuð samkvæmt könnun sem lögð var fyrir foreldra barna sem voru útskrifuð frá 2009-2012.
- Einstaklingsmiðuð nálgun starfsmanna, unnið er með sterka þætti nemenda og uppbyggingu nemenda.
- Skólastjórar í grunnskólum borgarinnar eru almennt ánægðir með Brúarskóla og viðhorf gagnvart því starfi sem þar fer fram eru jákvæð og skólavistin talin gagnast nemendum.

Tækifæri til umbóta:

- Setja á stofn skólaráð og efla þannig formlegt samstarf heimila og skóla.
- Stofna foreldrafélag og auka eiginlegt foreldrastarf innan skólans.
- Tryggja að nemendur fái útrás fyrir hreyfiþörf.
- Tryggja jákvæð samskipti nemenda í skólabíl.

Nám og námsaðstæður

Það sem vel er gert:

- Í vettvangsathugunum voru 93% stunda metnar góðar eða frábærar.
- Einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir alla nemendur.
- Verklag og framkvæmd starfsmanna um viðbrögð við óæskilegri hegðun og samskiptum.
- Nemendasamtöl og viðgjöf starfsmanna til nemenda í hvatningabækur.

Tækifæri til umbóta:

- Æskilegt er að stigskipta markmiðum nemenda í einstaklingsáætlun, setja fram mælanleg markmið til skemmri tíma.
- Skráð verði í skólanámskrá hvernig samstarfi milli skólastiga úr grunnskóla í framhaldsskóla er háttað.
- Leggja þarf metnað í að auka enn frekar fjölbreytni í kennsluháttum og markvissa samvinnu nemenda..
- Auka þyrfti val nemenda um viðfangsefni og/eða námsleiðir.

Þátttaka og ábyrgð nemenda

Það sem vel er gert

- Skólareglur eru sýnilegar, allt skólasamfélagið þekkir þær og sátt er um þær.
- ART kennsla og yfirfærsla félagsfærninnar á aðra þætti skólastarfsins.
- Samskipti og samvinna starfsfólks.
- Andrúmsloft virðingar og staðfestu í skólasamfélaginu.
- Mikil og stöðug endurgjöf og hvatning til nemenda.

Tækifæri til umbóta

- Vinna umfjöllun um lýðræðislegar áherslur eða vinnubrögð í skólanámskrá.

- Móta verklag um hvernig markvisst sé leitað eftir sjónarmiðum nemenda um námið og fyrirkomulag skólastarfsins.
- Móta hugmyndir sem henta í Brúarskóla um nemendafélag, foreldrafélag og skólaráð.
- Útfæra aðkomu nemenda að þátttöku í ákvörðunum um námsleg, félagsleg og hegðunarleg markmið sín.
- Rýna betur í starfsánægju stuðningsfulltrúa.
- Huga að námsvísunum fyrir aldursstigin sem leiðbeinandi umgjörð um einstaklingsmiðað nám nemenda.
- Skilgreina regluleg árangursviðmið í einstaklingsnámskrám

Námsaðlögun

Það sem vel er gert

- Grundvallarþættir að baki hugmyndafræði um skóla án aðgreiningar eru sýnilegir í skólastarfinu
- Skólabragur sem einkennist af virðingu fyrir öllum í skólasamfélaginu
- Nemendur eru hvattir til að vera virkir í námi og starfi
- Markvisst er fylgst með framförum og árangri hvers nemanda
- Aðgangur kennara að breiðri ráðgjöf
- Ánægja foreldra með skólann er mikil.

Tækifæri til umbóta

- Frekari útfærsla á lýðræðislegum vinnubrögðum með nemendum með stofnun nemendafélags.
- Virkari aðkoma nemenda að því að ákveða markmið sín í námi og hegðun.
- Leita leiða til að auka fjölbreytni í náms- og kennsluháttum.
- Skoða hvernig hægt er að formgera nemendaverndarráð við skólann.

Innra mat

Það sem vel er gert:

- Nemendur meta frammistöðu sína sig í lok hvers skóladags.
- Stöðumat á framförum og árangri nemenda í námi, hegðun og samskiptum fer fram reglulega.
- Umbótaáætlun fyrir árin 2012-2014 er birt á heimasíðu.

Tækifæri til umbóta:

- Birta áætlun um innra mat í skólanámskrá og birta greinargerðir um innra mat með opinberum hætti, t.d. á heimasíðu skólans.
- Skýra þarf tengsl innra mats og umbótaverkefna.
- Skýra þarf hvernig og hvenær umbótaverkefni eru metin.
- Leita þarf leiða til að meta reglulega kennslu og fagmennsku kennara ásamt því að gera mat og ígrundun kennara og annarra starfsmanna á eigin starfsháttum að lið í daglegu starfi þeirra með formlegri hætti en nú er.
- Bent er á að skv. aðalnámskrá (2011) á innra mat að beinast að markmiðum skólanámskrár og meta þarf jafnframt leiðir að markmiðum.

Heimildir

Aðalnámskrá fyrir grunnskóla. 2011.

Bæklingur um Brúarsel. Reykjavík. Brúarskóli

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

Skólanámskrá Brúarskóla. 2012-2013. Reykjavík. Brúarskóli.

Skólaskýrsla 2011. Reykjavík. Samband íslenskra sveitarfélaga.

Starfsáætlun Brúarskóla. 2012-2013. Reykjavík. Brúarskóli.

Stefna og starfsáætlun skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar 2012. Reykjavík: Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar.

Viðhorf foreldra til grunnskólastarfs í Reykjavík. 2012. Brúarskóli. Reykjavík: Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar.

<http://www.bruarskoli.is/>

Fylgiskjöl

1. Matsblöð með viðmiðum um gæði skólastarfs
2. Viðmið um mat á gæðum kennslustundar
3. Vettvangsathuganir - trúnaðarskjal
4. Gátlisti um skólanámskrá
5. Gátlisti um starfsáætlun
6. Gátlisti um heimasíðu
7. Gátlisti um skólareglur
8. Viðhorf skólastjóra Reykjavíkurskóla til Brúarskóla. Opin svör.